FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 1. FEBRÚAR 2017

Gylfi Þór Sigurðsson átti góðan leik með Swansea í gær. Skoraði hann sigurmarkið í 2-1 sigri liðsins gegn Southampton í ensku úrvalsdeildinni. Swansea heldur því sautjánda sætinu og er tveimur stigum frá fallsæti. Gylfi er búinn að skora sjö mörk á tímabilinu. Þá hefur hann einnig lagt upp sjö mörk og því komið við sögu í helmingi marka Swansea. NORDICPHOTOS/GETTY

Stjórnvöld verða að grípa inn í

Útbreiðsla kynsjúkdóma á Íslandi undanfarin ár krefst aðkomu stjórnvalda, að mati sóttvarnalæknis. Hann vill aukna samvinnu heilbrigðisyfirvalda, skólakerfis, HIV-Íslands og Samtakanna 78 í málaflokknum.

HEILBRIGÐISMÁL Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir vill að gripið verði til opinberra aðgerða til að stemma stigu við útbreiðslu kynsjúkdóma á Íslandi. Niðurstöður úr gagnabanka embættisins sýna að smituðum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförnum árum – einkum á það við um sárasótt og lekanda.

Þórólfur hefur lagt til að samvinna velferðarráðuneytisins og sóttvarnalæknis við heilbrigðiskerfið, skólakerfið og ýmis grasrótarsamtök, eins og HIV-Ísland og Samtökin 78, verði aukin í þessu skyni. Eins að skipaður verði starfshópur til að gera tillögur um aðgerðir.

Þórólfur segir margt koma til greina sem viðbrögð við stöðunni, og þau verði að beinast að þeim hópum þar sem aukningin kemur helst fram – hjá samkynhneigðum karlmönnum.

„Það er ákveðin fræðsla sem þarf líka að fara af stað fyrir ungmenni. Hún er í gangi í skólum landsins, en það þarf að skerpa á því starfi. Þetta er þróun sem við sjáum í nálægum löndum, sem er nákvæmlega eins og hér," segir Þórólfur og bætir við að það sé greinilegt að kynslóðirnar sem ekki muna óttann vegna HIV-faraldursins hegði sér samkvæmt því. Eins þurfi að tryggja hreinar nálar fyrir sprautufíkla og fjölga hraðgreiningarprófum og endurskipuleggja hvernig hægt er að nálgast fólk sem er smitað.

Það sé athyglisvert að einstaklingar eru að greinast með alnæmi, sem er lokastig HIV-sjúkdómsins. „Það bendir til þess að margir einstaklingar geti verið lengi með sýkingu af völdum HIV án þess að hennar verði vart og er það áhyggjuefni. Við verðum að bregðast við þessu," segir Þórólfur en bætir við að allt kosti þetta peninga, mannafla og mikla vinnu. „Ég er að kalla eftir því að það verði farið ofan í alla þætti málsins." svavar@frettabladid.is

Hvers vegna greindust tvö þúsund manns með klamydíu í fyrra?
Meira á síðu 8

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Ellen Calmon skrifar um stimpla og mannréttindi. 12

SPORT Viðar Örn Kjartansson er búinn að skora tíu mörk í Ísrael. 16

LÍFIÐ Sagan á bak við lagið hennar Svölu Björgvins. 52

MARKAÐURINN Konum í stjórnun fjölgar ekki.

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARKAÐURINN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

MEISTARA MÁNUÐUR ÍSLANDSBANKA

VAXTARÆKT FYRIR LENGRA KOMNA

VERTU MEISTARI OG MASSAÐU SPARNAÐINN

Íslandsbanki

Veður

Austlæg átt, 5-13 sunnanlands og skúrir eða él með hita 0 til 5 stig. Hægari breytileg átt, þurrt og vægt frost fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 20



Póker er yfirleitt spilaður af fólki, ekki tölvum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gervigreind vinnur þá bestu í póker

TÆKNI Gervigreindin Libratus vann sigur á fjórum atvinnumönnum í Texas Hold'em póker á móti í Pittsburgh sem lauk í vikunni. Samtals nemur upphæðin sem Libratus vann sér inn rúmlega tvö hundruð milljónum króna.

Libratus er verk prófessorsins Tuomas Sandholm og doktorsnemans Noams Brown frá Carnegie Mellon-háskóla í Bandaríkjunum.

Gervigreindin er hins vegar ekki bara hönnuð fyrir póker heldur til þess að vinna úr ófullkomnum upplýsingum. Þannig greinir Digital Trends frá því að hún gæti nýst við viðskipti, uppboð og margt fleira.

Þar sem Libratus þarf ekki að sofa hafði hún ákveðið forskot á atvinnumennina sem hún atti kappi við. Á meðan þeir sváfu reiknaði Libratus út framhaldið og byggði á atburðum dagsins. **– þea**

200

milljónir króna er upphæðin sem gervigreindin Libratus vann í Texas Hold'em póker á móti í Pittsburgh.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands veitt í gær

Sölvi Rögnvaldsson, BS-nemi í hagnýttri stærðfræði við Háskóla Íslands, hlaut Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir verkefnið Áhættureiknir við meðhöndlun sjúklinga með mergæxli. Við þróun hans var notað umfangsmikið gagnasafn sem er einstakt á heimsvísu. Fréttablaðið/Vilhelm

Bessastaðir á Álftanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Garðabær vill auka öryggi

ÖRYGGISMÁL Bæjarráð Garðabæjar tekur jákvætt í erindi frá íbúum á Álftanesi um uppsetningu öryggismyndavéla við aðkomuleiðir í bæinn og eftir atvikum á fleiri stöðum.

Gunnari Einarssyni bæjarstjóra var á fundi bæjarráðsins falið að ræða málið við lögregluyfirvöld og embætti forseta Íslands. Kanna á möguleika á uppsetningu myndavélanna og bæjarstjórinn á síðan að taka saman minnisblað um málið. **– gar**

Hótelrekstur í uppnám ef bóndi lokar á vatnið

Eigandi Hótels Reykjaness í Ísafjarðardjúpi segir reksturinn í uppnámi vegna ákvörðunar eiganda jarðarinnar Reykjarfjarðar um að neita honum um neysluvatn. Hóteleigandinn biður Súðavíkurhrepp og Ísafjarðarbæ að skerast í leikinn.

FERÐAÞJÓNUSTA Jón Heiðar Guðjónsson, eigandi Hótels Reykjaness í Ísafjarðardjúpi, segist standa frammi fyrir því að geta fyrirvaralaust misst neysluvatn vegna afstöðu eiganda jarðarinnar Reykjarfjarðar. Þetta kemur fram í bréfi þar sem Jón Heiðar leitar ásjár Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar.

„Vegna þessa máls lítum við svo á að okkar rekstur sé uppnámi og geti fyrirvaralaust stöðvast. Stór hluti bókana fyrir sumarið 2017 hefur þegar átt sér stað og því óhugsandi að lenda í rekstrarstöðvun," segir í bréfi Jóns Heiðars til sveitarfélaganna tveggja.

Jón Heiðar segist í samtali við Fréttablaðið ekki vilja tjá sig um málið og ekki hefur náðst tal af Salvari Hákonarsyni, eiganda Reykjarfjarðar. Hins vegar má lesa að nokkru leyti um málavexti í fyrrnefndu bréfi Jóns Heiðars og tveimur bréfum Salvars til Ferðaþjónustunnar Reykjanesi.

Salvar segir í bréfi frá því í síðasta mánuði að bann sem hann hafi sett í maí 2015 við framkvæmdum á vatnsverndarsvæðinu hafi ekki verið virt. Hann hafi því ákveðið að öllum utanaðkomandi aðilum séu óheimil vatnsafnot í landi Reykjarfjarðar og taki sú ákvörðun strax gildi.

„Því miður hefur Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf. haft með höndum framkvæmdir og jarðrask á svæðinu sem hvorki hefur verið leyfi fyrir eða samþykki landeigenda," segir í bréfi Salvars sem kveður Ferðaþjónustuna þannig vera að nýta landgæði annarra og um leið að valda „óbætanlegu tjóni á viðkvæmu svæði".

Í erindi Jóns Heiðars til sveitarfélaganna tveggja segir hins vegar að engar framkvæmdir hafi verið við vatnsbólið á svæðinu frá árunum 2003 og 2004 fyrir utan þrif á vatnstanki.

Hótel Reykjanes, sem tekur 120 gesti, er í Súðavíkurhreppi en stendur á landi í eigu Ísafjarðarbæjar. Jarðhiti er á staðnum en neysluvatn kemur úr landi Reykjarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Því miður hefur Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf. haft með höndum framkvæmdir og jarðrask á svæðinu sem hvorki hefur verið leyfi fyrir eða samþykki landeigenda.

Úr bréfi eiganda Reykjarfjarðar.

Jón Heiðar segir að þegar Reykjanesskóli hafi verið í byggingunni sem nú hýsir hótelið hafi ríkið kostað vatnslögnina, sennilega á áttunda áratug síðustu aldar. Þegar eignin hafi verið keypt af ríkinu árið 2002 hafi verið sagt frá samkomulagi við föður Salvars, þáverandi bónda í Reykjarfirði, um gjaldfrjáls afnot af neysluvatninu gegn því að heimilisfólkið í Reykjarfirði fengi endurgjaldslaus afnot af heitum böðum og sundlaug í Reykjanesi.

gar@frettabladid.is

Apótek Garðabæjar
Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið

Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

SMÁRALIND

GÖTUMARKAÐUR

LOKASPRETTUR ÚTSÖLUNNAR
1.–6. FEBRÚAR

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

OPIÐ TIL 19 Í DAG

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

Starfskjör þingmanna rýrð um 150 þúsund

ALÞINGI Forsætisnefnd þingsins ákvað á fundi sínum í gær að lækka starfskostnað þingmanna sem nemur um 150 þúsund krónum á mánuði. Með því kemur forsætisnefnd til móts við óánægjuraddir með hækkun launa þingmanna. Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, og nefndarmaður í forsætisnefnd, telur að frekari skref þurfi að taka.

Ferðakostnaður þingmanna í kjördæmum var lækkaður úr tæpum 84 þúsund krónum í 30 þúsund krónur og starfskostnaður þingmanna var lækkaður um heilar fimmtíu þúsund krónur, er nú 40 þúsund krónur en var rúmar 90 þúsund krónur mánaðarlega. Forsætisnefndin segir þetta jafnast á við 150 þúsund krónur að teknu tilliti til skatta.

Hvorki er hróflað við húsnæðis- né dvalarkostnaði þingmanna

Þessi ákvörðun forsætisnefndar hefur í för með sér að ákvörðun kjararáðs stendur óbreytt. „Þetta mun ekki hafa áhrif á laun ráðherra. Nú vinn ég að því að höfða mál til þess að fá úrskurði kjararáðs hnekkt. Ég tel kjararáð ekki hafa farið að lögum við úrskurð sinn. Því ber að halda sig innan almennra launahækkana sem var ekki gert að mínu mati," segir Jón Þór Ólafsson. – **sa**

Þingfararkostnaður

	Fyrir breytingu	Eftir breytingu
Húsnæðis- og dvalarkostnaður	134.041 kr.	134.041 kr.
Álag á húsnæðis- og dvalarkostnað	53.616 kr.	53.616 kr.
Húsnæðis- og dvalarkostn. v/heimanaksturs	44.680 kr.	44.680 kr.
Ferðakostnaður í kjördæmum	83.852 kr.	30.000 kr.
Starfskostnaður	90.636 kr.	40.000 kr.

Nú vinn ég að því að höfða mál til þess að fá úrskurði kjararáðs hnekkt þar sem ég tel kjararáð ekki hafa farið eftir lögum

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata,

François Fillon. NORDICPHOTOS/AFP

Fillon ósáttur við fjölmiðla

FRAKKLAND François Fillon, forsetaframbjóðandi franskra Repúblikana, segir fjölmiðla í herferð gegn sér og sakar þá um að reyna að eyðileggja framboð sitt.

Í síðustu viku greindi vikublaðið Le Canard Enchaine frá því að kona Fillon´s, Penelope, hefði þegið hundruð þúsunda evra fyrir uppdiktuð störf. Fleiri miðlar hafa greint frá því í kjölfarið að upphæðirnar gætu verið mun hærri.

„Aldrei í sögu fimmta lýðveldisins hefur verið farið í slíka herferð atvinnurógburðar gegn frambjóðanda," sagði Fillon í gær. Hann sagði konu sína ekki hafa neitt að fela.

Le Monde greindi frá því á þriðjudag að Penelope Fillon hefði þegið 830.000 evrur fyrir að aðstoða eiginmann sinn á meðan hann sat á þingi. Er sú upphæð 330.000 evrum hærri en upphæðin sem Le Canard Enchainé greindi frá. Börn þeirra fengu einnig greitt fyrir aðstoðarstörf.

Heimilt er að ráða fjölskyldumeðlimi sem aðstoðarmenn en Le Canard Enchainé segir að ekki líti út fyrir að Penelope Fillon hafi í raun unnið fyrir eiginmann sinn.

Lögregla gerði áhlaup á skrifstofur þingsins í gær. Greindu franskir fjölmiðlar frá því að hún væri að leita að skjölum sem sýndu fram á að Penelope Fillon hefði í raun og veru verið aðstoðarmaður François Fillon. – **þea**

Brjóta lög með sjálfboðaliðum

Bændur eru hvað stórtækasta atvinnustéttin til að ráða til sín sjálfboðaliða. ASÍ og Starfsgreinasambandið hafa barist gegn þróuninni síðustu ár. Formaður Bændasamtakanna segir bændur verða að greiða samkvæmt kjarasamningum.

VINNUMARKAÐUR Bændur fá til sín hundruð sjálfboðaliða á hverju ári frá útlöndum sem ganga í hin ýmsu verk fyrir bændur. Alþýðusambandið hefur skorið upp herör gegn sjálfboðavinnu í landbúnaði í sameiningu með Starfsgreinasambandinu og Samtökum atvinnulífsins. Að mati ASÍ er um klárt lögbrot að ræða. Formaður Bændasamtakanna tekur í sama streng.

Á síðunni Workaway má nú finna um 180 auglýsingar þar sem Íslendingar óska eftir sjálfboðaliðum til vinnu. Langflestar auglýsingar koma úr landbúnaði þar sem hjálpa á til við bústörf, kaffihús í ferðaþjónustu, sauðburð og allt mögulegt sem snýr að störfum í landbúnaði.

Á annarri vefsíðu, Helpx, eru 76 auglýsingar frá Íslandi. Þar er óskað eftir sjálfboðaliðum við ísframleiðslu í Holtseli í Eyjafirði, sem er ísframleiðsla í samkeppnisrekstri.

„Bændur eru að okkar mati stórtækir í því að fá til sín sjálfboðaliða að utan," segir Dröfn Haraldsdóttir, sérfræðingur hjá ASÍ. „En um störf í landbúnaði gilda kjarasamningar og því í trássi við lög og kjarasamninga að ráða ólaunað vinnuafl í þessi störf."

Fréttablaðið hefur áður greint frá starfsemi Umhverfisstofnunar og umfangi sjálfboðaliða í þeirra starfsemi en þeir sinna rúmlega 1.700 vinnudögum fyrir stofnunina.

Fjöldi auglýsinga er um aðstoð í sauðburði í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dröfn segir mikilvægt að bændur hætti þessum undirboðum því að um lögbrot sé að ræð. „Við höfum með ýmsum leiðum reynt að sporna við þessari þróun. Síðasta vor sendu bæði Alþýðusambandið og Starfsgreinasambandið út bréf til flestallra þeirra sem þá voru með auglýsingu á þessum vefjum. Fáir sinntu því nokkuð og auglýsingum fjölgaði. Við höfum einnig farið þess á leit við Bændasamtökin að þau skrifuðu undir svipaða yfirlýsingu og Samtök atvinnulífsins skrifuðu

„Eins og að taka krakka í sveit"

Guðmundur Jón Guðmundsson, bóndi í Holtseli, sem starfrækir mjólkurbú og ísgerð á bænum, er einn þeirra sem óska eftir starfskröftum að utan. Að hans mati sé þetta ekkert ósvipað því og þegar krakkar fóru í sveit hér áður fyrr. „Okkar sjónarmið er það að við erum að gera þessum krökkum kleift að koma og kynnast okkar lífi eins og það er í raunveruleikanum. Í þessu tilfelli skiptir það ekki máli fyrir reksturinn hvort fólkið er hérna eða ekki," segir Guðmundur Jón. „Það hefur verið til siðs í íslenskum landbúnaði í áratugi að taka krakka í sveit. Ég læt krakkana til dæmis ekki í nein verk sem ég myndi ekki vinna."

Menn skulu fara eftir þeim samningum og við hvetjum alla bændur til að gera það

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna

undir með okkur en því var hafnað," segir Dröfn.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, er sammála Alþýðusambandinu og hvetur bændur til að greiða laun eftir kjarasamningum. „Það er alveg skýrt af okkar hálfu. Við erum með samning við Starfsgreinasambandið fyrir hönd bænda. Menn skulu fara eftir þeim samningum og við hvetjum alla bændur til að gera það," segir Sindri. „Ef menn eru að ráða starfsfólk þá eiga þeir að vera tilbúnir að greiða því í samræmi við kjarasamninga." **sveinn@frettabladid.is**

TOYOTA

ALWAYS A **BETTER** WAY

SMURT OG SPARAÐ

Sértilboð á smurþjónustu 1.-15. febrúar hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota

ÍSLENSKA SÍA ISTOY 83273 01/17

20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.*

15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ	570-5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480-8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481-1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

Skemmdir skoðaðar

Hermenn skoða þak níu hæða íbúðahúss í Donetsk-borg í Úkraínu. Þetta stærðarinnar gat kom á þakið við skothríð Úkraínuhers. Átökin um Donbass-hérað Úkraínu hafa nú staðið yfir í nærri þrjú ár. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja lengja fæðingarorlof upp í heilt ár

Svandís Svavarsdóttir, segir að samfélagið nái ekki að taka þátt í lífi barna milli fæðingarorlofs og leikskóla og vill lengja orlofið upp í ár.

SAMFÉLAG Þingflokkur Vinstri grænna hefur lagt fram frumvarp á þingi um að lengja fæðingarorlofið úr níu mánuðum í tólf. Svandís Svavarsdóttir, segir mikilvægt að fara í þessa kerfisbreytingu sem fyrst.

„Þetta er mikilvægt. Þarna er um að ræða grundvallarmál fyrir allar smábarnafjölskyldur óháð efnahag," segir Svandís. „Samfélagið virðist ekki taka þátt í lífi barna milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það er tímaskekkja."

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fæðingarorlofið lengist í tveimur þrepum, áramótin 2018 og 2019. Í ársbyrjun 2019 eiga foreldrar fimm mánaða fæðingarorlofsrétt hvort um sig og tvo mánuði til skiptanna.

Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra leggur til í þingmálaskrá hækkun á fæðingarorlofi en telur ekki ráðlegt að lengja orlofið að sinni. Er það sama afstaða og Samtök atvinnulífsins lögðu til á síðasta kjörtímabili þegar samtökin lögðust gegn lengingu orlofs en studdu hækkun greiðslna úr sjóðnum.

„Nú þarf að brúa bilið. Það á ekki að fara eftir félagslegri stöðu og efnahag hvort barnafjölskyldur geti dekkað þetta bil. Okkar frumvarp kemur til móts við fleiri og er að okkar mati réttari forgangsröðun en ríkisstjórn Samtaka atvinnulífsins er að vinna að," bætir Svandís við. – sa

> **Okkar frumvarp kemur til móts við fleiri og er að okkar mati réttari forgangsröðun en ríkisstjórn Samtaka atvinnulífsins er að vinna að.**
>
> Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna

12

mánuðir yrði fæðingarorlofið í stað níu mánaða.

Miklar sviptingar á Akranesi í atvinnumálum í upphafi árs

ATVINNUMÁL HB Grandi hefur tilkynnt að hætt hafi verið við framkvæmdir við fiskþurrkun fyrirtækisins á Akranesi. Starfsemi fiskþurrkunarinnar var hætt í apríl í fyrra, og voru markaðsaðstæður ástæða þess. Illa hefur gengið að selja þurrkaðar afurðir vegna lítillar kaupgetu í Nígeríu sem virðist ekki vera að sækja í sig veðrið, eins og segir í tilkynningu.

Þegar þurrkun var hætt störfuðu 26 manns við hana. Þrettán þeirra var tryggð atvinna í öðrum starfsstöðvum HB Granda á Akranesi en hinir hafa unnið við tilraunavinnslu í húsi fiskþurrkunarinnar. Þeim hefur nú einnig verið boðin vinna í öðrum starfsstöðvum félagsins.

Rekstur fiskþurrkunarinnar hefur verið mjög umdeildur á Akranesi vegna lyktarmengunar frá vinnslunni. Var verkfræðistofa fengin til að skipa starfshóp til að meta aðgerðir vegna lyktarmengunarinnar eftir að bæjarstjórn samþykkti að hún yrði stækkuð. Hópur heimamanna hefur krafist þess að vinnslan verði færð fjær íbúabyggð.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, skrifar af þessu tilefni pistil á heimasíðu félagsins og lýsir áhyggjum sínum af þróun síðustu daga, en á dögunum var tilkynnt að sautján starfsmönnum málmendurvinnslufyrirtækisins GMR á Grundartanga hafi verið sagt upp störfum. Þeir voru flestir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness og vinnur félagið að því að halda utan um réttindi starfsmanna í ljósi þessa, upplýsir Vilhjálmur. „Á þessu sést að lifsviðurværi 43 starfsmanna þessara tveggja fyrirtækja er í uppnámi og vonandi ná sem flestir starfsmenn sem um ræðir að finna sér ný störf sem fyrst," bætir Vilhjálmur við. – shá

Markaður fyrir þurrkaðar afurðir í Nígeríu er hruninn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Á þessu sést að lifsviðurværi 43 starfsmanna þessara tveggja fyrirtækja er í uppnámi**
>
> Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness

F&F

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

AF ÚTSÖLUVÖRUM

70%

AFSLÁTTUR

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

Stjórnvöld þurfa að koma að málum

Kynslóðir eru vaxnar úr grasi sem muna ekki eftir HIV-faraldrinum og það kemur fram í kynhegðun þeirra. Óvenju margir greindust með HIV á síðasta ári. Útbreiðsla kynsjúkdóma á Íslandi undanfarin ár krefst aðkomu stjórnvalda að mati sóttvarnarlæknis.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég er að kalla eftir því að það verði farið ofan í alla þætti málsins," segir Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir en hann vill að gripið verði til opinberra aðgerða til að stemma stigu við útbreiðslu kynsjúkdóma á Íslandi. Niðurstöður úr gagnabanka embættisins sýna að smituðum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförnum árum – einkum á það við um sárasótt og lekanda. „Það er ákveðin fræðsla sem þarf líka að fara af stað fyrir ungmenni. Hún er í gangi í skólum landsins, en það þarf að skerpa á því starfi. Þetta er þróun sem við sjáum í nálægum löndum, sem er nákvæmlega eins og hér," segir Þórólfur sem segir það greinilegt að kynslóðirnar sem ekki muna óttann vegna HIV-faraldursins hegði sér samkvæmt því. Eins þurfi að tryggja hreinar nálar fyrir sprautufíkla og endurskipuleggja hvernig hægt er að nálgast fólk sem er smitað.

Hann bendir á að allt kosti þetta peninga, mannafla og mikla vinnu. Þórólfur segir að bætt meðferð vegna HIV sé afar jákvæð, en feli í sér vissa hættu. „Það er eins og menn haldi að þeir séu ekki smitandi lengur og gleyma þess vegna öðrum sjúkdómum sem blossa þá upp," segir Þórólfur.

Kynslóðir eru vaxnar úr grasi sem muna ekki eftir HIV-faraldrinum og það kemur fram í kynhegðun þeirra. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

> Sárasótt getur farið mjög illa með menn, og ekki síst þungaðar konur. Það eru mjög miklar líkur á því að barnið verði vanskapað eða lifi ekki af.
>
> Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Menn hafa gleymt öðru, segir Þórólfur, en það er sú staðreynd að kynsjúkdómarnir sem um ræðir eru dauðans alvara. „Að fá HIV þýðir ævilanga meðferð vegna sjúkdómsins. Sárasótt getur farið mjög illa með menn, og ekki síst þungaðar konur. Það eru mjög miklar líkur á því að barnið verði vanskapað eða lifi ekki af," segir Þórólfur. **svavar@frettabladid.is**

Stöðug fjölgun síðustu ár

Sárasótt
- Á árinu 2016 greindust 33 tilfelli af sárasótt en árin 2014 og 2015 greindust 23 tilfelli hvort árið um sig. + Af þeim sem greindust með sjúkdóminn árið 2016 voru 88% karlmenn sem stunda kynlíf með öðrum körlum líkt og árin á undan.

Lekandi
- Á undanförnum þremur árum hefur staðfestum lekandatilfellum fjölgað jafnt og þétt. Á árinu 2016 greindust 86 tilfelli, sem er nánast tvöföldun frá fyrri árum.
- Karlar voru í miklum meirihluta sem fyrr (74%). Talið er að smit tengist samkynhneigð í yfir 70% tilfella.
- Fjölónæmir stofnar af lekandabakteríum hafa ekki greinst hér á landi, en víða erlendis er slíkt sýklalyfjaónæmi vaxandi vandamál.

Klamydía
- Klamydía er langalgengasti kynsjúkdómurinn hér á landi með u.þ.b. 2.000 tilfelli sem greinast árlega. Kynjahlutfallið hefur haldist nokkuð óbreytt, en 60% af þeim sem greindust með klamydíu voru konur.

HIV-sýking
- Á árinu 2016 greindust óvenju margir einstaklingar með HIV-sýkingu, eða 27 einstaklingar, sem er meira en tvöfalt fleiri en á árunum 2014 og 2015.
- Af þeim sem greindust voru 20 karlmenn en sjö konur. Af þeim sem greindust voru sjö samkynhneigðir (35%), sjö gagnkynhneigðir (35%) en sex voru með sögu um sprautunotkun (30%).
- Óvenju margir, eða sex einstaklingar, greindust með alnæmi, sem er lokastig sjúkdómsins. Að auki voru þrír einstaklingar með merki um langt genginn sjúkdóm.

Á áttundu milljón manna búa í Hong Kong sem er í kallfæri við Kína – eins og myndin sýnir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hundruð þúsunda leita að beinu flugi

Áhugi ferðamanna í Asíu á ferðum til Íslands kemur glöggt í ljós í gagnabanka ferðabókunarrisans SkyScanner.

FERÐAÞJÓNUSTA Markaðsrannsókn sýnir mikinn áhuga asískra ferðamanna á beinu flugi til Íslands. Ferðavefritið Anna.aero valdi flugleiðina Keflavík-Hong Kong sem „óflognu flugleið vikunnar" nýlega og byggði á leitarniðurstöðum frá ferðabókunarrisanum SkyScanner.

Þessi niðurstaða er þannig tilkomin að Anna.aero leitaði til Isavia og fór þess á leit að listaðar yrðu upp nokkrar flugleiðir sem Isavia renndi hýru auga til. Þegar sá listi lá fyrir var hann borinn undir SkyScanner sem nýtti gögn sín til að kanna áhuga ferðalanga. Niðurstaðan var að mesti áhuginn var á leggnum á milli milljónaborgarinnar Hong Kong og Íslands, og var leitað 230.000 sinnum að þessari leið á nýliðnu ári. Þess má geta að ferðabókunarsíðan þjónustar rúmlega 60 milljónir manna á hverjum mánuði.

Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia, segir það ekkert launungarmál að Isavia hafi sett sér það markmið að reyna að fá flugfélög til að fljúga beint frá Asíu til Íslands. Finnair hefur bráðlega beint flug á milli Helsinki og Keflavíkur sem mun bæta samgöngurnar til Asíu mikið, en beint flug sé vissulega lokatakmarkið. Niðurstaða könnunarinnar staðfesti greinilegan áhuga á Íslandi hjá ferðamönnum í Asíu, en eins megi líta til þeirra tækifæra sem flugleið sem þessi myndi gefa íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum við að opna nýja ferskfiskmarkaði – og þá jafnvel í Hong Kong. Leiðin yrði alltaf farin á langdrægum breiðþotum, sem geta auðveldlega flutt mikið magn af fiski í beinu farþegaflugi.

Í grein Anna.aero er talið líklegast að flugfélagið Cathay Pacific myndi bæta flugleiðinni við leiðakerfi sitt, en félagið flýgur nú þegar til 13 áfangastaða í Evrópu. Eins er minnst á Icelandair. Í því sambandi er þó vert að minnast á yfirlýstan áhuga Skúla Mogensen á því að WOW air tengi Ísland við Asíu – nokkuð sem hann segir að sé „aðeins spurning um tíma", og verði að veruleika á allra næstu árum.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Flugstoðvar Leifs Eiríkssonar, víkur að því í viðtali við Anna.aero að nú þegar fjölgi ferðamönnum frá Asíu hratt hérlendis.

Hlynur bendir á að þegar flugleiðir frá Asíu eru bornar saman þá tekur aðeins klukkustund lengur að fljúga til Keflavíkur en til Kaupmannahafnar. **svavar@frettabladid.is**

DACIA DUSTER

ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Verð kr.

3.590.000

Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km*

Fjórhjóladrifinn, dísil, með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá.

Veglegur staðalbúnaður m.a.: Bakkskynjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass" tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða aksturstölva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.

www.dacia.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Felgur í mynd eru aukabúnaður.

ENNEMM / SÍA / NM76915

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Hópur fólks kom saman í Quebec í fyrrakvöld til að minnast hinna látnu. NORDICPHOTOS/AFP

Var aðdáandi Trumps og Marine Le Pen

KANADA Maðurinn sem myrti sex manns í skotárás á mosku í Quebec á sunnudagskvöld heitir Alexandre Bissonette, er 27 ára gamall lögfræðinemi við Laval-háskóla í Quebec og var aðdáandi Donalds Trump og Marine Le Pen.

„Hann var maður sem oft kom með öfgakenndar athugasemdir á samfélagsmiðlum þar sem hann talaði illa um flóttafólk og femínisma," er haft eftir François Deschamps atvinnuráðgjafa á fréttasíðu kanadíska dagblaðsins The Globe and Mail.

„Þetta var ekki beint hatur heldur frekar partur af þessari nýju íhaldshreyfingu þjóðernis og sjálfsmyndar sem einkennist frekar af óumburðarlyndi en hatri," segir Deschamps.

Lögreglan segir að Bissonette hafi verið einn að verki. Annar maður, sem handtekinn var eftir skotárásina, reyndist ekki hafa verið með honum í ráðum. Honum var sleppt úr haldi eftir yfirheyrslur og hefur nú stöðu vitnis í málinu.

Auk þess að myrða sex manns særði Bissonette á annan tug manna, þar af fimm alvarlega. **– gb**

Hótel ódýrara en leiguíbúð

SVÍÞJÓÐ Leigumiðlun í Stokkhólmi býður nú hótelherbergi í hverfinu Bromma fyrir 8.495 sænskar krónur á mánuði og er þá morgunmatur innifalinn. Mánaðarleiga fyrir eins herbergis íbúð í miðbæ Stokkhólms sem er framleigð getur verið um 10 til 15 þúsund sænskar krónur.

Samkeppnin um leiguíbúðir fer vaxandi í Stokkhólmi og hefur meðalleiguverð hækkað um sjö prósent undanfarið ár. **– ibs**

Lögregla á vettvangi í Malmö. NORDICPHOTOS/AFP

Föngum fækkar um fjórðung

SVÍÞJÓÐ Föngum í Svíþjóð hefur fækkað um 24 prósent á 10 árum. Í fyrra sátu 4.200 einstaklingar inni en fyrir 10 árum var fjöldinn 5.500. Fangelsum hefur einnig fækkað úr 58 í 47 á sama tímabili.

Frá því á tíunda áratug síðustu aldar hefur verið reynt að láta þá sem dæmdir eru fyrir minni háttar afbrot gegna samfélagsþjónustu eða ganga um með rafband. Vistun ungra fanga á meðferðarheimilum er úrræði sem einnig hefur verið nýtt.

Að mati fyrrverandi prófessors við Stokkhólmsháskóla stafar mesta fækkunin í fangelsunum af því að glæpamenn sem fæddir eru á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar eru farnir að eldast. **– ibs**

Klitsko tók við Eurovision-keflinu

ÚKRAÍNA Íslenska Eurovision-lagið stígur á hið stóra svið Eurovision þann 9. maí, á fyrra undanúrslitakvöldi keppninnar en það síðara fer fram tveimur dögum síðar. Úrslitakvöldið fer svo fram 13. maí. Dregið var í riðla við hátíðlega athöfn í Kænugarði í gær en þar tók núverandi borgarstjóri borgarinnar og formaður borgarráðs, Vitaly Klitsko, við Eurovision-lyklunum af formanni borgarráðs Stokkhólms. Flestir tengja þó Klitsko við box en hann er fyrrverandi heimsmeistari í þungavigt.

Flestir tengja þó Klitsko við box en hann er fyrrverandi heimsmeistari í þungavigt.

Tólf lög keppa um að verða fulltrúi Íslands í Kænugarði en rúmlega 200 lög bárust í keppnina. Undanúrslitin fara fram í Háskólabíói, laugardagana 25. febrúar og 4. mars en úrslitakvöldið verður í Laugardalshöll þann 11. mars. **– bb**

Klitsko tekur við Eurovision-lyklinum úr höndum Evu Louise. NORDICPHOTOS/AFP

Trump sakar Demókrata um að flækjast fyrir sér

Segir Demókrata vísvitandi tefja fyrir því að nýir ráðherrar geti tekið til starfa. Demókratar neita að mæta til atkvæðagreiðslu í þingnefndum þar sem ráðherravalið er til staðfestingar. Búast má við að val Trumps á nýjum hæstaréttardómara verði ekki síður umdeilt.

BANDARÍKIN Donald Trump bíður þess nú með mikilli óþreyju að öldungadeild Bandaríkjanna samþykki Jeff Sessions í embætti dómsmálaráðherra nýrrar ríkisstjórnar sinnar.

Trump rak í gær Sally Yates, starfandi dómsmálaráðherra, en hún hafði sagt að ráðuneytið myndi ekki verja nein dómsmál gegn hinu umdeilda banni við því að fólk komi til Bandaríkjanna frá Sýrlandi, Íran og nokkrum öðrum múslimaríkjum.

Yates var aðstoðardómsmálaráðherra í stjórn Baracks Obama og var fengin til að stýra ráðuneytinu til bráðabirgða þangað til nýr ráðherra kæmi.

Í staðinn fyrir hana var Dana Boente fenginn til þess að stýra ráðuneytinu þangað til Sessions tekur við, en Sessions er skoðanabróðir Trumps í innflytjendamálum.

Trump segir að Demókratar tefji vísvitandi fyrir því að deildin samþykki Sessions í embættið, og sama megi raunar segja um aðra einstaklinga sem Trump vill hafa með sér í ríkisstjórn.

„Demókratarnir eru að tefja fyrir ráðherravali mínu af pólitískum ástæðum eingöngu," skrifar hann á Twitter-síðu sína. „Þeir ættu að skammast sín. Engin furða að ekkert virki hér í Washington."

Í gær bættu Demókratar svo um betur með því að mæta ekki til atkvæðagreiðslu á nefndarfundum um tvo aðra menn sem Trump vill gera að ráðherrum, en það eru þeir Steve Mnuchin sem á að verða fjármálaráðherra og Tom Price sem á að verða heilbrigðisráðherra. Með fjarveru sinni tefja Demókratar enn fyrir staðfestingarferlinu.

Trump skýrði síðan frá því á mánudag að hann væri búinn að velja hvern hann vilji gera að hæstaréttardómara í staðinn fyrir Antonin Scalia, sem lést fyrir tæpu ári. Trump ætlaði að tilkynna um niðurstöðu sína í gærkvöld, en það átti að gerast eftir að Fréttablaðið fór í prentun.

Öldungadeild þingsins þarf að staðfesta þá tilnefningu, rétt eins og tilnefningar í ráðherraembætti, en dregist hefur í tæpt ár að velja eftirmann Scalia í réttinn vegna þess að Repúblikanar vildu ekki láta Barack Obama ráða valinu.

Á mánudaginn gerði Trump sér einnig lítið fyrir og fékk helsta ráðgjafa sínum, Steve Bannon, sæti í þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna. Þessi ráðstöfun hefur sætt harðri gagnrýni, enda er Bannon ekki síður umdeildur en Trump.

gudsteinn@frettabladid.is

Donald Trump á fundi með fulltrúum lyfja- og líftæknifyrirtækja í Washington í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Afurðastöðvar koma ekki að samningnum

LANDBÚNAÐUR Stjórn Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) mótmælir því harðlega að enginn fulltrúi afurðastöðva sé tilnefndur í samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga.

Í fréttatilkynningu frá samtökunum segir að mótmælin komi í kjölfar frétta um breytta skipan í samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Stjórn SAM telur að með skipan hópsins sé ekki farið að lagaákvæðum um skipan samráðshópsins.

Bendir stjórn samtakanna á að í 60. grein laga um breytingu á búvörulögum, búnaðarlögum, tollalögum og lögum um velferð dýra, sem samþykkt voru á Alþingi þann 13. september 2016, segi orðrétt: „Eigi síðar en 18. október 2016 skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipa samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga. Tryggja skal aðkomu afurðastöðva, atvinnulífs, bænda, launþega og neytenda að endurskoðuninni."

Í tilkynningu SAM segir að aðilar sem séu taldir upp í lagagreininni eigi fulltrúa í samráðshópnum og sumir jafnvel marga – allir aðrir en afurðastöðvar.

„Í ljósi þess að afurðastöðvar eiga ekki sæti í samstarfshópnum harmar stjórn SAM hve takmörkuð samvinnan virðist eiga að vera og telur að takmörkunin minnki líkur á að sátt náist um hugsanlegar breytingar á búvörusamningi og búvörulögum," segir í lokin á tilkynningunni. **– bb**

Afurðastöðvar eru ekki í breyttri skipan um endurskoðun búvörusamningsins.



Mazda bílar eru hannaðir
af ástríðu, hvert einasta
smáatriði vel ígrundað og
úthugsað. Hönnuðir Mazda
leggja hjarta sitt og sál í
að hanna bíla sem uppfylla
ströngustu kröfur þínar
um þægindi, akstursupplifun,
gæði og öryggi.

ELSKAÐU AÐ KEYRA

MAZDA 3

MAZDA 3

mazda

Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050

mazda.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Strákurinn

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

„Ógæfa, þú ert snör og frá á fæti.“ Þessi orð Williams Shakespeare úr Ríkarði öðrum koma því miður upp í hugann þegar horft er vestur um haf á fyrstu embættisverk Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Forsetatilskipanir Trumps til þessa hafa vægast sagt verið umdeildar og þykir mörgum sem verulega sé vegið að réttindum fólks, þá einkum minnihlutahópa, sem og jafnvel framtíð jarðar þegar horft er til loftslagsmála. Hver tilskipunin rekur aðra og Bandaríkin, land frelsis og tækifæra, virðast ætla að verða land frelsis og tækifæra sinna útvöldu. „Ógæfa, þú ert snör og frá á fæti.“

Á mánudagskvöldið fengum við Íslendingar svo aðeins smjörþefinn af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í Bandaríkjum Trumps, þegar íslenskum ríkisborgara var meinað að ferðast til Bandaríkjanna vegna þess að hann er fæddur í Íran. Fæðingarstaðurinn einn og sér var nóg til þess að setja Íslendinginn Meisam Rafiei undir hatt hins mögulega hryðjuverkamanns og stimpla hann sem ógn við borgara eins voldugasta ríkis heims. Það er ójafn og ljótur leikur, jafnvel þótt eins sé komið fyrir fjölda annars fólks sem hefur það eitt unnið sér til saka að vera fætt í löndum sem forsetinn telur að Bandaríkjunum standi ógn af. Löndum sem virðast þó ekki síður vera valin út frá viðskiptahagsmunum.

Meisam Rafiei er landsliðsmaður og fyrrverandi landsliðsþjálfari íslenska liðsins í taekwondo og Norðurlandameistari í íþróttinni á síðasta ári. Þá hefur hann efalítið verið einn af „strákunum okkar“ eins og íþróttahetjur eru alla jafna þegar vel gengur. En er Meisam Rafiei ekki örugglega strákurinn okkar í dag? Færi kannski betur á því að hann héti Ólafur eða Gylfi? Ætli þjóðin hafi ekki verið allt eins stolt af afrekum þessa unga manns sem var ekki einu sinni fæddur hér norður í Atlantshafi heldur valdi að deila með okkur kjörum? Því þurfa ráðamenn væntanlega að svara með viðbrögðum sínum og við hin þurfum líka að svara okkur sjálfum þessum spurningum. Svara því hversu mikla mismunun við sættum okkur við áður en við segjum stopp. Hingað og ekki lengra.

Meisam er einn af okkur og við höfum alla tíð átt vingjarnlegt, friðsamlegt og gott samband við Bandaríkin sem höfðu hér meira að segja herstöð í áratugi. Íslenskir ráðamenn hafa þegar brugðist við útilokun Meisam að nokkru leyti en við hljótum að ætlast til þess að ríkisstjórnin sýni okkur að það sé staðið með ferðafrelsi þjóðarinnar þegar á reynir. Að aðgerðir sem þessar séu óásættanlegar og ógn við frelsi allra friðsamra einstaklinga, óháð þjóðerni, kynþætti, uppruna og trú og þær því fordæmdar opinberlega af ríkisstjórn Íslands með formlegum hætti.

Hver gæti einmitt verið betur til þess fallinn að standa gegn slíku gerræði eins og birtist í tilskipun Bandaríkjaforseta en lítil, vinveitt og herlaus þjóð á borð við Íslendinga? Þjóð sem hefur fullt tækifæri til þess að vera nú snör og frá á fæti og standa með frelsi einstaklingsins og mannréttindum.

Að aðgerðir sem þessar séu óásættanlegar og ógn við frelsi allra friðsamra einstaklinga, óháð þjóðerni, kynþætti, uppruna og trú og þær því fordæmdar opinberlega af ríkisstjórn Íslands með formlegum hætti.

Halldór

Frá degi til dags

Ekki í þessum pistli

Þetta verður eini pistillinn á þessari síðu þar sem ekki verður fjallað um nýjan leiðtoga hins frjálsa heims. Enda er af nægu öðru að taka. Ýmsir aðrir en auðjöfurinn frá New York verðskulda athygli.

Til dæmis breytti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skipan samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga í gær. Fékk Félag atvinnurekenda þar með sæti í hópnum sem það átti ekki fyrir.

Vonandi munu nýir meðlimir samráðshópsins stuðla að því að breytingar verði gerðar í átt til frjálslyndis þegar endurskoðun lýkur. Nóg er komið af íhaldi í landbúnaðarmálum.

Enn ekki í þessum pistli

Annað mál sem verðskuldar athygli er ákvörðun Theodóru Þorsteinsdóttur að sitja bæði í bæjarstjórn Kópavogs og á þingi fyrir Bjarta framtíð. Hefur hún verið gagnrýnd fyrir að ætla að gegna báðum stöðum og þiggja laun fyrir bæði störfin.

En Theodóra er kjörin í bæði embætti. Telji hún sig færa um að sinna skyldum sínum á hvorum tveggja vígstöðvum er því eðlilegt að hún þiggi laun fyrir. Ef annað kemur í ljós getur hún einfaldlega sagt sig úr bæjarstjórn og minnkað við sig.

thorgnyr@frettabladid.is

Stimplana í skúffuna og iðkum mannréttindi

Ellen Calmon
formaður ÖBÍ

Margir virðast hafa meðfædda löngun til að merkja allt og alla. Oft er þetta gert óviljandi, merkimiði sem verður til á sekúndubroti og stimpillinn er mundaður um leið. Í öðrum tilvikum er um úthugsaða og jafnvel kerfisbundna stimpilstefnu að ræða.

Fólk er fljótt að ákveða hvaða eiginleika næsti maður hafi út frá útliti, framkomu eða bakgrunni.

Gleggsta dæmið um kerfisbundna stimpilstefnu nú um stundir er tilskipun nýs Bandaríkjaforseta um bann við komu fólks til Bandaríkjanna frá sjö sjálfstæðum ríkjum. Með þessari aðgerð er fólk frá þessum löndum stimplað. Það er flokkað með grunuðum vígamönnum á grundvelli þjóðernis og trúar. Stefnan er skýrð þannig að gripið sé til hennar til að vernda fólk.

Í nærsamfélagi okkar er stimplun einnig beitt en dæmin segja að það sé gert af góðvild. Fyrir skömmu var um slíkt dæmi að ræða, þelsagjöf til fátæks fólks.

Umræðan um merktu pelsana fjallaði mest um stimplunina. En mig langar til að beina umræðunni að fátæktinni, hún er ekki náttúrulögmál. Verði fátækt upprætt mun samfélagið verða betra og auðugra. Að gefa pelsa eða mat upprætir ekki vandamálið. Heldur er það neyðarráðstöfun vegna stöðunnar eins og hún er, plástur, sem virkar í raun eins og stimpill.

Velferðarkerfið verður að vera nægilega öflugt til að uppræta fátækt. Annars vegar þarf að styðja fólk til sjálfshjálpar og hins vegar með beinum fjármunagreiðslum. Of margir telja að greiðslur verði að vera lágar til þess að fólk komi sér út úr fátækt, að með fátæktarpíningu vaxi fólki ásmegin. Sannleikurinn er hins vegar sá að lágar greiðslur koma fólki lengra út á jaðarinn og skapa kvíða. Með aukinni fátækt eykst sjálfsmorðstíðni á meðal fátæks fólks.

Við hljótum öll að vilja samfélag þar sem allir eiga möguleika óháð uppruna, trú, móðurmáli, fötlun, kynferði, kynhneigð og efnahag svo eitthvað sé nefnt.

Merkimiðar og stimplun, óviljandi eða ekki, viðhalda fordómum og stuðla að sundrung.

Við skulum ekki vera þar!

Velferðarkerfið verður að vera nægilega öflugt til að uppræta fátækt.

gæði – þekking – þjónusta

FÆRIBANDAVOGIR - RANNSÓKNAVOGIR - IÐNAÐARVOGIR - SMÁVOGIR
VERÐÚTREIKNINGSVOGIR - TALNINGAVOGIR - KRÓKAVOGIR
BAÐVOGIR - BARNAVOGIR - GÓLFVOGIR - LÍMMIÐAVOGIR

FITUMÆLINGAVOGIR

Við erum með gífurlegt úrval af öllum gerðum af vogum

GOTT VERÐ Tanita BC-587 fitumælingavog
Áður 32.860,- NÚ 18.749,-

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,
ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Líknarmeðferð, aðstoð við sjálfsvíg eða bein líknardeyðing – Fyrri grein

Björn Einarsson
öldrunarlæknir á Landakoti-LSH

Í Fréttatímanum 14. janúar sl. birtist viðtal við Rob Jonquiére, hollenskan lækni, sem mælti fyrir líknardeyðingu lækna á dauðvona sjúklingum, eins og löglegt hefur verið í Hollandi frá 2002. Einnig kynnti hann skoðanir sínar á fundi Siðfræðiráðs lækna 10. janúar síðastliðinn. Markmið þessarar greinar er að lýsa þeim þremur ólíku kerfum sem við lýði eru í heiminum við líknardeyðingu, þannig að upplýst umræða verði í íslensku samfélagi um þessi mál.

Líknarmeðferð hérlendis

Líknarmeðferð sem stunduð er hérlendis og erlendis felst í því að lina þjáningar deyjandi sjúklinga án ásetnings um að stytta líf þeirra. Hún á uppruna sinn í Hospice-hreyfingunni. Engin takmörk eru á því hvað má gefa mikið af lyfjum í þeim tilgangi, jafnvel þó það þurfi að svæfa sjúklinginn líknarsvefni, þó svo það kunni að stytta líf hans. Það er gert samkvæmt lögmálinu um tvennar afleiðingar: „Það er réttmætt við sérstakar aðstæður að framkvæma verknað sem hefur auk þeirrar góðu afleiðingar sem stefnt er að, aðrar afleiðingar, sem aldrei er réttlætanlegt að stefna að af ráðnum hug.“ Höfundur lögmálsins er heimspekingur kaþólsku kirkjunnar Thomas Aquinas (1225-1274). Þannig getum við veitt fullnægjandi líknarmeðferð án þess að það sé ásetningur að stytta líf sjúklingsins.

Aðstoð við sjálfsvíg í Sviss

Aðstoð við sjálfsvíg var leyfð í Sviss 1948, með því að fella niður þá lagagrein sem bannaði það. Ekki veit ég til að önnur ríki hafi tekið upp þetta fyrirkomulag. Upp úr 1980 var komið á fót fyrstu einkareknu leikmannastofnuninni sem aðstoðaði fólk við sjálfsvíg. Eina skilyrðið er að ekki séu neinir fjárhagslegir hagsmunir fyrir hendi. Ekki eru nein skilyrði fyrir því að um dauðvona sjúklinga sé að ræða og dæmi er um að frískur maki hafi fylgt dauðvona eiginkonu sinni í dauðann. Einstaklingar leita sjálfir til stofnunarinnar með ósk um aðstoð þeirra sem þar starfa við sjálfsvíg sitt. Lögð er áhersla á staðfestingu á að hann hafi óskað eftir aðstoðinni, skriflega eða á myndbandi. Læknar koma þar ekki nærri. Viðkomandi verður sjálfur að tæma þann lyfjabikar sem leiðir hann til dauða, geti hann það ekki verður ekkert af sjálfsvíginu. Að sjálfsvíginu loknu er kallað á lögregluna sem staðfestir það. Ekkert opinbert eftirlit hefur verið með starfseminni hingað til, né hefur þessi aðstoð við sjálfsvíg verið bundin við svissneskan ríkisborgarétt.

Aðstoð lækna við sjálfsvíg í Norður-Ameríku

Mörg ríki í Bandaríkjum Norður-Ameríku og í Kanada hafa tekið upp strangt kerfi með opinberu eftirliti og fer þeim ríkjum fjölgandi. Ekki geta aðrir lagt fram beiðni um aðstoð við sjálfsvíg en þeir sem eru heimilisfastir í ríkinu og þarlendir ríkisborgarar. Skilyrði er að sjúklingurinn sé dauðvona innan skamms tíma og þarf það að vera staðfest af tveimur læknum. Beiðni sjúklingsins þarf að vera vel ígrunduð og sjúklingurinn vera vitrænt skýr og með óskerta dómgreind.

Líknarmeðferð sem stunduð er hérlendis og erlendis felst í því að lina þjáningar deyjandi sjúklinga án ásetnings um að stytta líf þeirra.

Framkvæmdin er öll í yfirumsjón læknisins. Sjúklingurinn þarf sjálfur að tæma þann lyfjabikar sem leiðir hann til dauða, annars verður ekkert af því.

Bein líknardeyðing í Hollandi

Auk Hollands hafa Belgía og Lúxemborg tekið upp þetta fyrirkomulag. Forsendurnar eru jafn strangar og við aðstoð lækna við sjálfsvíg í Norður-Ameríku. Staðfest þarf að vera af tveimur læknum að sjúklingurinn sé dauðvona. Einnig þarf beiðni sjúklingsins að vera vel ígrunduð og sjúklingurinn vitrænt skýr og með óskerta dómgreind. Framkvæmdin er alfarið í höndum læknis sjúklingsins, sem gefur honum tvær sprautur sem leiða sjúklinginn til dauða. Læknirinn gefur síðan skýrslu til opinberrar eftirlitsnefndar. Aðeins í þessu kerfi er hægt að deyða sjúkling sem ekki getur gert það með eigin hendi og að gera lífsskrá um að vera deyddur við ákveðnar aðstæður, þar sem framkvæmdin er ekki í höndum sjúklingsins sjálfs.

Í næstu grein verður gerð grein fyrir þeim rökum sem þarf að íhuga við val á hvernig við viljum hafa dánaraðstoð á Íslandi.

Höfundur hefur unnið á sjúkrahúsum sem veita líknarmeðferð í 30 ár og er einnig heimspekimenntaður.

Innlent eldsneyti í samgöngum

Guðmundur Haukur Sigurðarson
stjórnarformaður Orkeyjar ehf.
Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.
Benedikt Stefánsson
framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar CRI ehf.
Sigurður Ingólfsson
framkvæmdastjóri Lífdísils ehf.
Helgi Jóhannesson
forstjóri Norðurorku hf.

Í upphafi árs 2014 tóku gildi lög hér á Íslandi um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi. Lögin kveða á um að frá og með 1. janúar 2015 skuli söluaðilar eldsneytis á Íslandi tryggja að minnst 5% af orkugildi árlegrar heildarsölu á eldsneyti til notkunar í samgöngum á öllu landinu séu endurnýjanlegt eldsneyti. Í þessari umræðu eins og annarri eru allmargir á öndverðum meiði og t.a.m. hafa verið skrifaðar greinar og haldnar ræður um ókosti þessarar lagasetningar. Þar er talað um að lögin þýði einungis að við flytjum inn miklu dýrara eldsneyti sem hafi að auki takmarkaðan umhverfisávinning eða m.ö.o. að fjármunir streymi úr landi í vafasamt eldsneyti og bíleigendur tapi milljörðum.

Í fyrsta lagi er algerlega rangt að umhverfisávinningur sé ekki til staðar enda hefur endurnýjanlegt eldsneyti afar sterkar sjálfbærnikröfur. Það þýðir að það endurnýjanlega eldsneyti sem við flytjum inn dregur sannanlega úr losun miðað við áframhaldandi jarðefnaeldsneytisnotkun.

Í öðru lagi hefur þessi söluskylda á umhverfisvænu eldsneyti markað mikil tímamót í orkuskiptum í samgöngum á Íslandi, sér í lagi fyrir innlenda framleiðslu á eldsneyti. Vegferðin frá einokun jarðefnaeldsneytis er því hafin og innlend framleiðsla hefur tekið verulega við sér með tilheyrandi atvinnu- og verðmætasköpun. Þegar lögin tóku gildi var ekki mikið um innlenda framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti en lögin hafa skapað svigrúmið og galopnað markaðinn.

Árleg eldsneytisnotkun í samgöngum á landi á Íslandi er í kringum 300 milljónir lítra, 5% af þeim markaði eru þá um 15 milljónir lítra. Í lögunum stendur einnig: „endurnýjanlegt eldsneyti sem unnið er úr lífrænum eða ólífrænum úrgangsefnum sem ekki er unnt að nýta til mannaeldis eða sem dýrafóður má telja tvöfalt.“ Þetta þýðir að t.d. metan framleitt úr lífrænu sorpi telur tvöfalt sem aftur þýðir að ef allt endurnýjanlega eldsneytið fellur undir þessa grein þarf 7,5 milljónir lítra til að uppfylla lögin.

Sem dæmi má nefna að öll olíufélögin á Íslandi velja að nota erlenda íblöndun í bensín frekar en að nota íslenskt metanól.

Innlendir framleiðendur

Í dag framleiða nokkur fyrirtæki á Íslandi umhverfisvænt innlent eldsneyti sem uppfyllir áðurnefnd ákvæði um endurnýjanlega orku í samgöngum.

Carbon Recycling International ehf. nýtir íslenska raforku, koltvísýring og vatn til framleiðslu metanóls sem nota má sem íblöndunarefni í bensín og notað er við framleiðslu á lífdísli.

SORPA bs. og Norðurorka hf. framleiða metan úr lífrænum úrgangi. Framleiðsla SORPU er vottuð með svansmerki og er eina eldsneytið sem hlotið hefur þann umhverfisstimpil.

Lífdísill ehf. og Orkey ehf. framleiða lífdísil úr dýrafitu og notaðri steikingarolíu.

Miðað við núverandi framleiðslu og þau áform sem félögin hafa um framleiðsluaukningu eru líkur á að eftir 2–3 ár verði innlend framleiðsla yfir 10 milljónir lítra, sem þýðir að hún getur staðið undir öllu því magni sem þarf til að uppfylla lögin. Sem dæmi má nefna að öll olíufélögin á Íslandi velja að nota erlenda íblöndun í bensín frekar en að nota íslenskt metanól. Þess vegna er metanól sem framleitt er á Íslandi í dag flutt út og notað í lífdísilframleiðslu erlendis. Væri t.d. eitthvað óeðlilegt að styðja við innlenda og umhverfisvæna eldsneytisframleiðslu á sama hátt og við erum tilbúin að gera með innlenda og umhverfisvæna matvælaframleiðslu? Er ekki ávinningurinn sambærilegur? Er það í alvöru vilji einhverra að hætta þessari íblöndunarskyldu til að geta brennt meira af gömlu og ódýru en jafnframt ósjálfbæru, mengandi og loftslagsbreytandi olíunni?



*Ef BigSeat er ekki í vélinni þinni, þá hefur þú forgang í XXL sæti með 35" fótabili.

Nýjar leiðir — *meira* ***WOW***

Nú getur þú valið milli þriggja einfaldra leiða til að ferðast með WOW air. Ef þú ert ekki með farangur, borgar þú ekki fyrir hann. Ef þú vilt aukin þægindi, farangur og stærra sæti þá bókar þú það. Þú ræður ferðinni!

BigSeat er nýtt, enn breiðara sæti í nýjustu vélum okkar. 37" + sætabil, skemill og tvö sæti hlið við hlið. **BigSeat** fylgir WOW Biz, en einnig má panta það sér*.

WOW Basic	Einfaldasta leiðin fyrir þá sem þurfa að komast frá A til B.	
WOW Plus	Þegar þú ert með farangur og vilt ekki flækja hlutina.	
WOW Biz	Settu þig í fyrsta sæti og njóttu ferðarinnar til fulls.	

wow air

Enska úrvalsdeildin

Bournemouth - C. Palace 0-2
0-1 Scott Dann (47.), 0-2 Benteke (90.)

Sunderland - Tottenham 0-0

Arsenal - Watford 1-2
0-1 Younes Kaboul (10.), 0-2 Troy Deeney (13.), 1-2 Alex Iwobi (58.).

Swansea - Southampton 2-1
1-0 Alfie Mawson (38.), 1-1 Shane Long (58.), 2-1 Gylfi Þór Sigurðsson (70.). Gylfi lagði upp fyrra markið og tryggði Swansea mikilvægan sigur í öðrum leiknum í röð.

M´brough - West Brom 1-1

Burnley - Leicester 1-0
1-0 Sam Vokes (87.)

Liverpool - Chelsea 1-1
0-1 David Luiz (25.), 1-1 Georginio Wijnaldum (57.). Diego Costa klúðraði víti.

DAVÍÐ ÞÓR AFTUR Í LANDSLIÐIÐ EFTIR ÁTTA ÁRA FJARVERU

Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari Íslands í knattspyrnu, valdi í gær þá átján leikmenn sem skipa hópinn sem mætir Mexíkó í vináttulandsleik í Las Vegas á miðvikudaginn í næstu viku. Heimir valdi alls sjö nýliða eða markvörðinn Frederik Schram, varnarmennina Daníel Leó Grétarsson og Adam Örn Arnarson, miðjumennina Kristin Frey Sigurðsson og Tryggva Hrafn Haraldsson og sóknarmennina Kristján Flóka Finnbogason og Árna Vilhjálmsson. Það vekur athygli að Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði Íslandsmeistara FH, er í hópnum en hann hefur ekki spilað fyrir íslenska landsliðið síðan 2009. Allur hópurinn er á Vísi.

Í dag

19.05	Keflavík - Njarðvík	Sport 3
19.35	West Ham - Man.City	Sport 2
19.50	Man Utd. - Hull	Sport
19.15	Stjarnan - Snæfell	Ásgarður
19.15	Keflavík - Njarðvík	Keflavík
19.15	Grindavík - Valur	Grindavík
19.15	Haukar - Skallagrím.	Ásvellir

Malmö
Sænska úrvalsdeildin 2016

- 14 mörk í 19 leikjum
- 17 mörk í deild og bikar
- 2. til 3. sæti á markalistanum

Skoraði á **113 mínútna** fresti
Skoraði í **47%** leikjanna
1 tvenna
2 þrennur

Ísraelska úrvalsdeildin 2016/17

- 10 mörk í 17 leikjum
- 13 mörk í deild og bikar
- 2. til 3. sæti á markalistanum

Skorar á **132 mínútna** fresti
Skorar í **41%** leikjanna
3 tvennur
0 þrennur

Vålerenga
Norska úrvalsdeildin 2014

- 25 mörk í 29 leikjum
- 31 mark í deild og bikar
- Markakóngur

Skoraði á **104 mínútna** fresti
Skoraði í **55%** leikjanna
4 tvennur
2 þrennur

Fylkir
Pepsi-deildin á Íslandi 2013

- 13 mörk í 22 leikjum
- 18 mörk í deild og bikar
- 1. til 3. sæti á markalistanum

Skoraði á **152 mínútna** fresti
Skoraði í **55%** leikjanna
1 tvenna
Engin þrenna

Viðar Örn Kjartansson fagnar hér einu af mörkum sínum fyrir ísraelska félagið Maccabi Tel Aviv en framherjinn hefur verið í stuði að undanförnu. NORDICPHOTOS/GETTY

Tíu mörk í fjórða landinu

Viðar Örn Kjartansson, skoraði sitt tíunda mark í ísraelsku deildinni á mánudag og er nú búinn að skora að minnsta kosti tíu deildarmörk í fjórum löndum.

FÓTBOLTI Viðar Örn Kjartansson skoraði tvö mörk fyrir Maccabi Tel Aviv þegar liðið gerði jafntefli við Hólmar Örn Eyjólfsson og félaga í Maccabi Haifa, 2-2, í ísraelsku úrvalsdeildinni í fótbolta í fyrradag.

Það verður seint sagt að þessi mörk Viðars Arnar hafi komið á óvart. Síðan í Pepsi-deildinni 2013 þegar hann skaust upp á stjörnuhimininn hefur hann ekki gert annað en að skora.

Mörkin hans tvö á mánudaginn voru mörk númer níu og tíu í ísraelsku úrvalsdeildinni en það tók hann aðeins 17 leiki að skora þessi tíu mörk. Hann er nú búinn að skora tíu mörk í fjórum deildum í fjórum löndum; Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Ísrael.

Nálægt tíu í fimmta landinu

Eftir að skora þrettán mörk í 22 leikjum í Pepsi-deildinni fékk Viðar Örn tækifæri í Noregi þar sem hann sannaði sig sem alvöru markaskorari. Hann spilaði aðeins eina leiktíð í norsku úrvalsdeildinni en varð þar markakóngur með 25 mörk í 29 leikjum.

Ævinýraþráin greip um sig þegar kínverska liðið Jiangsu Sainty gerði honum tilboð sem hann gat ekki hafnað.

Í Kína var Viðar Örn grátlega nálægt því að skora tíu mörk en hann setti níu mörk í 28 leikjum. Þar skoraði Viðar mark á 230 mínútna fresti sem er hans langversti árangur síðan hann byrjaði að raða inn í efstu deild árið 2013.

Sé litið á heildarfjölda marka í öllum keppnum má fullyrða að Viðar Örn hafi skorað tíu mörk að lágmarki í fimm löndum en ekki fjórum því Selfyssingurinn bætti við fjórum mörkum fyrir Jiangsu Sainty í kínverska bikarnum sem liðið vann.

» Viðar er búinn að skora 58 mörk í 94 deildarleikjum og á 131 mínútna fresti sem atvinnumaður í Evrópu og Asíu. Hann hefur alls skorað 75 mörk í öllum keppnum í Noregi (31), Kína (13), Svíþjóð (17) og Ísrael (14).

Tveir erfiðir kaflar

Viðar Örn byrjaði ekki vel með Malmö í Svíþjóð og heillaði ekki beint stuðningsmenn í fyrstu leikjunum. En þegar stíflan brast gerði hún það með látum. Viðar skoraði á endanum fjórtán mörk í 19 leikjum fyrir sænska stórliðið þrátt fyrir að spila aðeins hálfa leiktíðina. Hann hafnaði meira að segja í 2.-3. sæti markalistans og hjálpaði Malmö að verða meistari.

Líf framherjans getur verið erfitt eins og Viðar Örn fékk aftur að kynnast í Ísrael. Þar gekk hann í gegnum mánuð án þess að skora. Liðið var heldur ekkert að skora og þjálfarinn rekinn en þar sem Viðar var keyptur fyrir metupphæð til Maccabi var skuldinni skellt að stórum hluta á hann.

„Það var þvílík pressa á okkur og stuðningsmennirnir voru á móti okkur. Þetta endaði með því að þjálfarinn var rekinn. Fjölmiðlarnir á svæðinu kenndu mér um þetta allt saman. Þetta var nú samt þannig að í þessum leikjum fékk ég varla færi. Þetta var bara í hausnum á okkur en undanfarið hefur þetta lagast og við erum farnir að vinna leiki aftur," sagði Viðar í samtali við íþróttadeild á dögunum.

Tíunda markið er komið í hús í fjórða landinu og nú er bara að sjá hvort Viðar verði markakóngur í öðru landinu en hann er aðeins einu marki á eftir efsta manni og nóg eftir af deildinni. **tomas@365.is**

Markaskorarar eru verðmætir

1. JANÚAR 2014
Vålerenga kaupir Viðar á
120 þúsund evrur

20. JANÚAR 2015
Jiangsu Sainty kaupir Viðar á
2,25 milljónir evra

27. JANÚAR 2016
Malmö FF kaupir Viðar á
325 þúsund evrur

30. ÁGÚST 2016
Maccabi Tel Aviv kaupir Viðar á
3,5 milljónir evra



MARKAÐURINN

Miðvikudagur 1. febrúar 2017

4. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Konum í stjórnun fjölgar ekki

9%

Konur voru níu prósent af framkvæmda-stjórum stærstu fyrirtækja landsins í fyrra. Um þrettán prósent stjórnar-formanna sömu félaga voru af kvenkyni.

2
Bjarni Ármanns kaupir í skórisa

Sjávarsýn, fjárfestingar-félag Bjarna Ármannssonar, keypti 26 prósenta hlut í heildversluninni S4S af Ingunni Gyðu Werners-dóttur.

4
Keahótel til sölu

Eigendur Keahótela, sem reka meðal annars Hótel Borg og Apótek Hótel, hafa ákveðið að selja hótelkeðj-una. Félagið rekur samtals átta hótel.

12
Blönduð einkavæðing

„Greiða skuldir ríkissjóðs niður að allt að því fullu, og nota þann vaxtakostnað sem sparast til að styrkja grunnstoðirnar. Það telst varla mikil hægrimennska.“



Málmbræðslan GMR var í gær úrskurðuð gjaldþrota

Fyrirtækið GMR Endurvinnslan ehf. á Grundartanga var tekið til gjaldþrotaskipta í Héraðsdómi Vesturlands í gær. Um 17 starfsmönnum fyrirtækisins hafði þá verið sagt upp störfum en það endurvann stál sem fellur til hér á landi.

Daði Jóhannesson, framkvæmdastjóri GMR, vildi ekki tjá sig um málið þegar blaðamaður náði tali af honum og vísaði á skiptastjóra fyrirtækisins. Fréttablaðið ræddi við Daða síðastliðinn fimmtudag og kom þá fram að óvissa ríkti enn um reksturinn. Verksmiðja GMR var þá ekki lengur rafmagnslaus en RARIK hafði nokkrum vikum áður lokað á fyrirtækið vegna vangoldinna reikninga. Umhverfisstofnun hafði ítrekað gert athugasemdir við starfsemi málmendurvinnslunnar og skráð á yfir þriðja tug frávika frá starfsleyfi. Fyrirtækið sætti auknu eftirliti vegna ítrekaðra vanefnda við að koma mengunarvörnum í viðunandi horf.

Framkvæmdastjórinn sagði eigendur fyrirtækisins í leit að nýjum fjárfestum, bæði hér heima og erlendis, en vildi ekki svara því hversu mikil fjárþörfin væri. Daginn eftir að fréttin birtist var síðan öllu starfsfólki fyrirtækisins sagt upp störfum.

„Þetta fyrirtæki var stofnað fyrir fjórum árum og það er búinn að vera erfiður og langur uppbyggingarfasi. Erfiðari og lengri en menn ætluðu sér og það er margt sem spilar þar inn í. Heimsmarkaðsverð á stáli er þar langstærsti þátturinn," sagði Daði í samtali við Fréttablaðið. **– hg**

GMR hóf framleiðslu á Grundartanga árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

Bjarni Ármanns keypti sig inn í skórisann S4S

Sjávarsýn, fjárfestingarfélag Bjarna Ármannssonar, keypti 26 prósenta hlut í heildversluninni S4S af Ingunni Gyðu Wernersdóttur. Rekur skóverslanirnar Steinar Waage, Ecco, Skór.is, Kaupfélagið, Toppskórinn og Air.is í Smáralind.

Fjárfestingarfélagið Sjávarsýn í eigu Bjarna Ármannssonar, fjárfestis og fyrrverandi forstjóra Glitnis, keypti í október 26 prósenta hlut í heildversluninni S4S ehf. sem rekur skóverslanir á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhluturinn var áður í eigu Ingunnar Gyðu Wernersdóttur fjárfestis en S4S á Steinar Waage, Ecco, Kaupfélagið, Skór.is, Toppskóinn og íþróttavöruverslunina Air.is í Smáralind.

Bjarni settist í stjórn heildverslunarinnar í byrjun nóvember og tók þá sæti Bjarna Hafþórs Helgasonar, fyrrverandi fjárfestingarstjóra KEA og eiginmanns Ingunnar. Helga Sverrisdóttir, eiginkona Bjarna, fór á sama tíma inn í varastjórn félagsins í stað Ingunnar.

Pétur Þór Halldórsson, stærsti eigandi S4S, á 50 prósenta hlut í félaginu samkvæmt nýjasta ársreikningi þess. Aðrir hluthafar eru Hermann Helgason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Georg Kristjánsson en þeir eiga sín tólf prósentin hvor. S4S var rekið með 111 milljóna króna hagnaði árið 2015 en eignir þess námu þá 735 milljónum króna. Eigið fé félagsins var jákvætt um 342 milljónir og eiginfjárhlutfallið var 47 prósent.

Bjarni Ármansson fjárfestir á nú fjórðungshlut í S4S sem á Skechers í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sjávarsýn á meðal annars útivistarvöruverslunina Ellingsen, fyrirtækið Ísmar í Síðumúla og 11,5 prósenta hlut í olíuþjónustufyrirtækinu Fáfni Offshore. Í byrjun desember í fyrra samþykktu Seðlabanki Íslands og samkeppnisyfirvöld á Spáni kaup Solo Seafood, í eigu Sjávarsýnar og þriggja íslenskra útgerðarfyrirtækja, á Icelandic Iberica, fyrrverandi dótturfélagi Icelandic Group á Spáni. Sjávarsýn átti í árslok 2015 eignir upp á 3,3 milljarða króna miðað við nýjasta ársreikning fjárfestingarfélagsins. Ekki náðist í Bjarna Ármannsson við vinnslu fréttarinnar. **haraldur@frettabladid.is**

Aðeins keypt gjaldeyri fyrir 5 milljarða

Gjaldeyriskaup Seðlabanka Íslands á fyrstu fjórum vikum nýs árs nema aðeins um fimm milljörðum króna. Það er um nítján prósent af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði. Til samanburðar keypti Seðlabankinn hins vegar gjaldeyri fyrir um átján milljarða í desember og var hlutur bankans þá í veltunni um 45 prósent.

Á sama tíma og bankinn hefur haldið aftur af sér í gjaldeyriskaupum samhliða minna innflæði gjaldeyris á markað, sem stafar meðal annars af verkfalli sjómanna, þá hefur gengi krónunnar lækkað um fimm prósent gagnvart evru það sem af er ári. Seðlabanki Íslands keypti erlendan gjaldeyri fyrir samtals 386 milljarða króna 2016 og jukust kaup bankans um 42% á milli ára. Þrátt fyrir þessi miklu gjaldeyrisinngrip hækkaði gengi krónunnar um 18,4 prósent á síðasta ári. - **hae**

GLÆSILEGT FRAMBOÐ NÁMSKEIÐA MEÐ ERLENDUM SÉRFRÆÐINGUM

STRENGTH BASED LEADERSHIP DEVELOPMENT

Kennsla: Lisa Vivoll Straume, PhD in Positive Psychology, Rune Sagør, CEO of MIND: and Karina Andersen Aas, executive coach at MIND:

Fim. 16. feb. kl. 13:00–16:30 og
fös. 17. feb. kl. 8:30–12:00
Snemmskráning til og með 2. febrúar

PSYCHOLOGICAL INTERVENTIONS WITH PSYCHOTIC DISORDERS

Kennsla: Gillian Haddock, Professor of Clinical Psychology at the University of Manchester

Fös. 17. og lau. 18. feb. kl. 9:00–16:00
Snemmskráning til og með 7. febrúar

FIRE SAFETY IN BUILDINGS

Kennsla: Harald Landrø, professor of Fire Safety in Buildings at NTNU, Norway

Fim. 9. mars kl. 9:00–17:00
Snemmskráning til og með 9. febrúar

BUILDING MOBILE APPS WITH XAMARIN

Kennsla: Lander Verhack, a software expert, trainer and strategist at U2U

Mán. 20. til mið. 22. mars kl. 9:15–16:45
Snemmskráning til og með 20. febrúar

THE FIVE KEYS TO SUCCESSFUL TEST AUTOMATION

Kennsla: Hans Buwalda, CTO at LogiGear Corporation

Fös. 31. mars kl. 9:00–17:00
Snemmskráning til og með 3. mars

ANGULAR 2

Kennsla: Nicholas Johnson, professional JavaScript developer and trainer

Mán. 3. til fim. 6. apríl kl. 9:00–16:30
Snemmskráning til og með 6. mars

SEARCH INSIDE YOURSELF

ONE-DAY PROGRAM CREATED AT GOOGLE

Kennsla: Brandon Rennels, Teacher Development Manager at SIYLI

Þri. 4. apr. kl. 9:00–17:00
Snemmskráning til og með 7. mars

PERSONALITY DISORDERS - NARCISSISTIC PERSONALITY TRAITS

Kennsla: Sarah Rakovshik, Consultant Cognitive Behaviour Psychotherapist

Fös. 21. og lau. 22. apr. kl. 9:00–16:00
Snemmskráning til og með 11. apríl

LEADING OTHERS

Kennsla: Margaret Andrews, managing director of Mind and Hand Associates and instructor at Harvard Extension School

Fim. 2. maí kl. 9:00–16:30
Snemmskráning til og með 4. apríl

MANAGING DIFFICULT CONVERSATIONS

Kennsla: Margaret Andrews, managing director of Mind and Hand Associates and instructor at Harvard Extension School

Mið. 3. maí kl. 13:00–17:00
Snemmskráning til og með 4. apríl

DIMENSIONAL MODELING: KIMBALL FUNDAMENTALS & ADVANCED TECHNIQUES

Kennsla: Margy Ross, President of DecisionWorks Consulting and co-author of *The Data Warehouse Toolkit*

Fim. 11. og fös. 12. maí kl. 9:00–7:00
Snemmskráning til og með 30. mars

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á ENDURMENNTUN.IS EÐA Í SÍMA 525 4444

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ein stærsta hótelkeðja landsins til sölu

Eigendur Keahótela, sem reka meðal annars Hótel Borg og Apótek Hótel, hafa ákveðið að selja hótelkeðjuna. Félagið starfrækir samtals átta hótel á landinu og heildarvirði þess gæti verið um 6 milljarðar. Á meðal þeirra sem áforma að selja er framtakssjóðurinn Horn II sem á 60 prósenta hlut sem hann keypti vorið 2014. Framkvæmdastjóri Horns segir erlenda aðila hafa sýnt Keahótelum áhuga.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Hótel Borg er eitt af átta hótelum sem Keahótel reka. Samtals eru hótelin fimm talsins í Reykjavík og þrjú á Norðurlandi, meðal annars Hótel Kea og Hótel Norðurland. FRETTABLADID/GVA

Hluthafar eignarhaldsfélagsins Keahótela, sem rekur samtals átta hótel víðsvegar um landið, meðal annars Hótel Borg og Apótek Hótel í Reykjavík, hafa sett félagið í söluferli. Á meðal þeirra sem áforma að selja hlut sinn í hótelkeðjunni er Horn II, framtakssjóður í rekstri Landsbréfa, en aðeins eru tæplega þrjú ár liðin síðan sjóðurinn festi kaup á 60 prósenta hlut í Keahótelum. Það er fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka sem er ráðgjafi seljenda við söluferlið en það hófst um miðjan síðasta mánuð.

Hermann Már Þórisson, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Landsbréfum og annar framkvæmdastjóra Horns II, staðfestir í samtali við Markaðinn að framtakssjóðurinn, ásamt meðfjárfestum í Keahótelum, ætli að selja allt hlutafé hótelkeðjunnar. Hann segir að sú ákvörðun að selja á þessum tímapunkti hafi verið tekin í ljósi áhuga sem ýmsir innlendir og erlendir fjárfestar hafi sýnt á Keahótelum að undanförnu. Ekki er hægt að segja nákvæmlega fyrir um hversu langan tíma söluferlið muni taka en stefnt er að því að ljúka sölu á félaginu á þessu ári.

Rekstur Keahótela hefur gengið afar vel á undanförnum árum. Hagnaður félagsins á árinu 2015 nam 263 milljónum króna og næstum tvöfaldaðist frá fyrra ári. Þá var velta hótelkeðjunnar tæplega 1,7 milljarðar króna og jókst um liðlega 500 milljónir króna frá árinu 2014. EBITDA-hagnaður félagsins – afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir – var um 372 milljónir á árinu 2015, að því er fram kemur í síðasta birta ársreikningi, og hækkaði um meira en 200 milljónir á milli ára. Eignir Keahótela nema samtals 701 milljón króna og bókfært eigið fé félagsins var um 273 milljónir í árslok 2015.

1.000

milljónir er áætlaður EBITDA-hagnaður Keahótela á árinu 2016.

Hermann Már Þórisson, annar framkvæmdastjóra Horns II

Fimm hótel í Reykjavík

Ekki er búið að ganga frá ársreikningi fyrir síðasta rekstrarár en samkvæmt upplýsingum Markaðarins jókst EBITDA-hagnaður Keahótela umtalsvert á árinu 2016 og var samtals um einn milljarður. Sú aukning stafar einkum af því að hótelherbergjum sem heyra undir rekstur samstæðunnar fjölgaði mikið á tímabilinu vegna opnunar tveggja nýrra hótela í árslok 2015. Að sögn þeirra sem hafa setið fjárfestingakynningu á félaginu þá má gróflega áætla að heildarvirði þess gæti verið um sex milljarðar.

Auk framtakssjóðsins Horns II eru aðrir hluthafar Keahótela Tröllahvönn ehf., sem á 32 prósenta hlut í hótelfélaginu, og Páll L. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Keahótela, en hann á átta prósenta hlut í gegnum félagið Selen ehf. Þeir hluthafar hafa einnig ákveðið að selja bréf sín í félaginu. Eigendur Tröllahvannar eru Andri Gunnarsson, Kristján M. Grétarsson, Fannar Ólafsson og Þórður Hermann Kolbeinsson. Þeir fjórmenningar standa jafnframt að baki félaginu Hvanna ehf. sem seldi 60 prósenta hlut í Keahótelum til Horns II framtakssjóðs í maí 2014.

Hluthafar í sjóðnum Horn II, sem var komið á fót í apríl 2013, eru 30 talsins og samanstanda af lífeyrissjóðum, fjármálafyrirtækjum og fagfjárfestum. Líftími sjóðsins er áætlaður fyrir árslok 2018 en auk þess að hafa fjárfest í Keahótelum hefur Horn II keypt eignarhluti í Bláa lóninu, Fáfni Offshore og Invent Farma. Horn II seldi sumarið 2016 hlut sinn í lyfjafyrirtækinu Invent Farma.

Keahótel reka sem fyrr segir átta hótel, fimm í Reykjavík og þrjú á Norðurlandi, en síðustu tvö ár hefur félagið opnað tvö ný hótel í Reykjavík – hótelin Skugga og Storm. Önnur hótel sem félagið starfrækir eru Reykjavík Lights, Apótek og Borg sem er að finna í Reykjavík. Á Akureyri eru hótelin tvö – Hótel Norðurland og Hótel Kea – auk þess sem Keahótel reka hótelið Gíg í Mývatnssveit.

FRÉTTABLAÐIÐ

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT
Í FRÉTTABLAÐINU

Um 55% íbúa á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*
Rúmlega 85.000 manns á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

Kannaðu dreifileiðir í síma 5125448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Heimild: *Skv. Blaðakönnun Gallup, okt.-des. 2016.

Vara við ofhitnun á húsnæðismarkaði

Ekkert lát verður á miklum verðhækkunum á húsnæðismarkaði á næstu árum samkvæmt nýrri spá greiningardeildar Arion banka en hún gerir ráð fyrir 14 prósenta hækkun íbúðaverðs á þessu ári, 9,7 prósent 2018 og 7,5 prósent árið 2019. Það er því útlit fyrir að íbúðamarkaðurinn hitni enn meira gangi spá bankans eftir en nú þegar glittir í gul ljós á sumum svæðum, meðal annars miðsvæðis í Reykjavík, þar sem verð hefur hækkað sérlega mikið að undanförnu.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu greiningardeildar Arion banka um íbúðamarkaðinn sem var kynnt á fundi bankans í gær. Í niðurstöðum skýrslunnar segir að miðað við spána séu líkur á því að húsnæðisverð hækki talsvert umfram flestar undirliggjandi hagstærðir á borð við kaupmátt og ráðstöfunartekjur. „Til lengri tíma er því ástæða til að vara við ofhitnun á markaðnum."

Húsnæðisverð hefur hækkað sífellt hraðar síðustu mánuði og nam árshækkunin á höfuðborgarsvæðinu í desember 15%. Í skýrslunni er bent á að önnur svæði hafi tekið við sér og þannig hefur húsnæðisverð utan höfuðborgarsvæðisins hækkað um 20 prósent síðustu tólf mánuði. Sú hækkun er að mestu leyti drifin áfram af mikilli hækkun húsnæðisverðs í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Hagstætt efnahagsástand, fólksfjölgun, kaupmáttaraukning og gott aðgengi að fjármögnun eru á meðal helstu ástæðna þess að húsnæðisverð hefur hækkað mikið upp á síðkastið – og mun líklega gera áfram. Verðhækkunin skýrist einnig af því að of lítið hefur verið byggt síðustu ár og áætlanir hafa ekki staðist. Í skýrslu greiningardeildarinnar segir að byggja þurfi að lágmarki átta þúsund íbúðir á næstu þremur árum til að halda í við fólksfjölgun og er þá ekki tekið fyllilega tillit til uppsafnaðrar þarfar. Samkvæmt spá bankans er ólíklegt að sá fjöldi náist. **hordur@frettabladid.is**

Byggja þarf að lágmarki átta þúsund íbúðir á næstu þremur árum til að halda í við fólksfjölgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

14%

er spá greiningardeildar Arion banka um hækkun á húsnæðisverði á árinu 2017

NJÓTTU LÍFSINS AF ÖRYGGI

Njóttu af öryggi stórbrotins landslags
á leið í bústaðinn eða á skíðin. Fjórhjóladrifinn
Volvo XC60 lætur ekki snjó og ís stöðva sig.
Hann býður einstakt öryggi, gott farangursrými,
fellanlegt, skipt sætisbak, 23 cm veghæð,
háa sætisstöðu og margverðlaunuð sæti,
mestu mögulegu þægindi.

LEÐURÁKLÆÐI
RAFDRIFIÐ ÖKUMANNSSÆTI MEÐ MINNI
LEIÐSÖGUKERFI MEÐ ÍSLANDSKORTI
BAKKMYNDAVÉL
VÉLARHITARI M. TÍMASTILLI (HEITUR Á MORGNANA)
VERÐ FRÁ 8.385.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO XC60 D4 AWD EXECUTIVE

Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur meginähersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Bíldshöfða 6
110 Reykjavík | 515 7000
volvocars.is

Brynja Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo Lánstrausts, segir tölurnar sýna sáralitla þróun

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Valdamiklum lykilkonum fjölgar ekki

Konur voru níu prósent af framkvæmdastjórum stærstu fyrirtækja landsins í fyrra samkvæmt nýjum tölum Creditinfo Lánstrausts. Um þrettán prósent stjórnarformanna félaga af sömu stærð voru af kvenkyni. „Þetta er að gerast allt of allt of hægt."

Hlutfall kvenna sem gegndu framkvæmdastjórastöðum hjá stærstu fyrirtækjum landsins var níu prósent í fyrra og stóð í stað frá árinu á undan. Konur voru þá tólf prósent framkvæmdastjóra hjá meðalstórum fyrirtækjum líkt og árið 2015. Um þrettán prósent stjórnarformanna stórra fyrirtækja voru af kvenkyni og 17 prósent hjá meðalstórum. Í báðum stærðarflokkunum jókst hlutur kvenna um eitt prósentustig milli ára en engin breyting varð á hlutdeild þeirra í stjórnarsætum fyrirtækja.

Þetta kemur fram í nýjum tölum sem Creditinfo tók saman fyrir Markaðinn. Í þeim sést að hlutfall kvenna í framkvæmdastjórastöðum stórra fyrirtækja, sem áttu eignir yfir einn milljarð króna, hefur lækkað úr tíu prósentum árið 2014 í níu í fyrra. Hjá meðalstórum fyrirtækjum hefur sama hlutfallið haldist óbreytt síðustu þrjú ár. Konur áttu 24 prósent stjórnarsæta í stórum fyrirtækjum í lok árs 2016 og 18 prósent hjá meðalstórum.

„Í öllu falli eru þetta slæmar tölur og tölur um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra finnst mér sýna berlega að enn er mjög langt í land með að konur komist með tærnar þar sem karlar hafa hælana þegar völd í íslensku atvinnulífi eru skoðuð," segir Brynja Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo.

„Sáralítil þróun"

Flokkurinn Stór fyrirtæki nær í tölum Creditinfo yfir 857 félög. Meðalstóru fyrirtækin voru alls 1.866 talsins og áttu öll í lok síðasta árs eignir frá 200 milljónum og upp að einum milljarði króna. Lítil fyrirtæki, sem verða ekki sérstaklega skoðuð hér, áttu undir 200 milljónum og voru alls 28.962. Taka ber fram að 5.190 félög enduðu ekki í neinum stærðarflokki þar sem þau hafa ekki skilað inn upplýsingum um eignir til fyrirtækjaskrár. Fyrirtækin sem um ræðir eru öll einkahlutafélög eða hlutafélög sem hafa skilað inn ársreikningi fyrir 2015 eða síðar.

Konur voru samkvæmt tölunum framkvæmdastjórar í 77 stórum fyrirtækjum af þeim 857 sem fylltu flokkinn. Þær áttu 223 framkvæmdastjórastöður í meðalstórum fyrirtækjum. Þrettán prósenta hlutdeild í stjórnarformennsku í stórum fyrirtækjum skilar 111 sætum og kona var æðsti stjórnandi í 317 af 1.866 meðalstórum félögum.

„Það er tvennt sem blasir við. Annars vegar að þróunin hefur verið sáralítil og maður hefði ætlað að eftir að lög um kynjakvóta tóku gildi árið 2013 myndum við fara að sjá stíganda í þessu sem er ekki að gerast," segir Brynja og vísar í lög sem voru samþykkt árið 2010 um að hlutfall hvors kyns í stjórnum fyrirtækja með yfir 50 starfsmenn skyldi vera yfir 40 prósentum.

„Tilgangur laganna hlýtur að hafa verið að auka völd kvenna í þjóðfélaginu eða jafna völd kynjanna en síðan ef við skoðum til dæmis stór fyrirtæki og þá sérstaklega stjórnarformennina, sem eru eins og allir vita valdamesta hlutverkið í stjórnum, þá er hlutfallið ekki sérstaklega gott. Í stórum fyrirtækjum eru þrettán prósent stjórnarformanna konur en 17 prósent hjá meðalstórum," segir Brynja.

13%

stjórnarformanna í stórum fyrirtækjum voru konur 2016

„Það er augljóst að á sumum sviðum er einhver þróun en hún er alltof lítil og hæg. Með þessu áframhaldi verður komið jafnræði milli kynjanna í stjórnarformannssætum árið 2113. Barnabörnin okkar munu ekki einu sinni vinna á vinnumarkaði þegar jafnrétti verður orðið að veruleika með þessu áframhaldi."

„Þetta eru vonbrigði"

Helga Hlín Hákonardóttir, héraðsdómslögmaður og sérfræðingur í góðum stjórnarháttum hjá Strategíu, segir tölur Creditinfo vera ákveðin vonbrigði. Út frá þeim sé ljóst að þróunin sé ekki einungis hæg heldur kalli hún á ný á umræðu um að auka enn hlut kvenna í stjórnun.

„Þetta eru vonbrigði og kallar á rýni hjá okkur öllum. Ég held að þetta segi manni það að hlutur kvenna í stjórnun aukist ekki frekar en orðið er af sjálfu sér, heldur gerist það með ákvörðunum sem hver og einn þarf að taka. Hvort sem þú ➡

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
1. FEBRÚAR 2017 MIÐVIKUDAGUR

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

„Það er svo gaman að fá að upplifa lögin okkar í þessum nýja búningi. Við vissum í raun ekki við hverju við áttum að búast en erum afskaplega ánægð með útkomuna," segir Gnúsi Yones, sem hér sést á æfingu ásamt Sölku Sól og Steinunni Jónsdóttur úr Amabadama. MYND/EYÞÓR

SMELLPASSA SAMAN

Ólíkir straumar mætast í menningarhúsinu Hofi á Akureyri næsta laugardag þegar Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og reggísveitin góðkunna Amabadama halda tónleika saman.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og reggíhljómsveitin Amabadama koma fram saman á einstökum tónleikum í Hamraborg í Hofi á Akureyri næsta laugardag. Þetta er í fyrsta skiptið sem sinfóníuhljómsveit og reggísveit leiða saman hesta sína með þessum hætti hér á landi og vafalaust þótt víðar væri leitað.

Það var Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar, sem átti hugmyndina að þessari samvinnu að sögn Gnúsa Yones, eins af söngvurum Amabadama og dubmeistara sveitarinnar, og voru meðlimir Amabadama ekki lengi að samþykkja hana. „Þorvaldur hafði samband við okkur síðasta haust og bar þessa skemmtilegu hugmynd undir okkur og við sögðum held ég bara strax já. Þetta er náttúrulega alveg mögnuð pæling og við erum mjög þakklát fyrir að fá þetta tækifæri svona upp í hendurnar."

SKEMMTILEG ÁSKORUN

Gnúsi segir tónlist þessara ólíku sveita smellpassa saman þótt mörgum þyki það vafalaust sérkennilegt. „Það er svo gaman að fá að upplifa lögin okkar í þessum nýja búningi. Við vissum í raun ekki við hverju við áttum að búast en erum afskaplega ánægð með útkomuna. Þorvaldur Bjarni og Greta Salóme útsettu tónlistina og þau ná alveg fullkomlega að láta allt smella saman og bæta einhverju við lögin án þess þó að breyta fílingnum. Þetta er algjörlega ennþá í okkar anda en samt eitthvað algjörlega nýtt, a.m.k. fyrir okkur." Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur áður átt í sambærilegu samstarfi með góðum árangri og m.a. haldið tónleika með Árstíðum, Todmobile, Dimmu, Eivöru Pálsdóttur, Gretu Salóme og Dúndurfréttum.

Gnúsi segir samstarfið vissulega hafa verið skemmtilega áskorun. Amabadama hefur bæði spilað sem tíu manna band auk þess sem þau hafa einnig prófað sig áfram að undanförnu með meira elektrósándi. Þar fer einmitt Gnúsi í hlutverk dub-meistara og er með hluta af undirspilinu á stafrænum hljóðrásum sem hann stjórnar. „Við ákváðum í samtali við Þorvald að vinna með það á þessum tónleikum og verðum við því bara þrjú, ég, Salka og Steinunn, ásamt sinfóníuhljómsveitinni og kammerkór. Helsta áskorunin var kannski að útsetja tónlistina fyrir sinfóníuna og kórinn. Þorvaldur og Greta sáu algjörlega um það verkefni og við erum í skýjunum með útkomuna. Lögin eru einhvern veginn öll vel heppnuð og fara í raun langt fram úr væntingum okkar."

> „Það er svo gaman að fá að upplifa lögin okkar í þessum nýja búningi. Gnúsi Yones

NÝ PLATA Á ÁRINU

Á dagskrá tónleikanna verða lög af fyrstu plötu sveitarinnar, Heyrðu mig nú, sem kom út árið 2014 auk nýrra laga af væntanlegri plötu sveitarinnar sem kemur út síðar á árinu. „Við ætlum bara að njóta þessa stórkostlega tækifæris og hafa gaman af og við vonum auðvitað að sem flestir komi og njóti með okkur."

Það er engin lognmolla kringum bandið á næstunni. Þau hafa unnið að tónlist fyrir farsann Úti að aka sem verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu í mars og gáfu nýlega út lag í tengslum við það verkefni. „Lagið heitir Ganga á eftir þér og er svona „næsí" ástarlag. Svo erum við bara að fara að taka upp nýja plötu sem kemur út í vor og hlökkum mikið til þeirrar vinnu. Síðan fer sumarið væntanlega í að fylgja henni eitthvað eftir."

Tónleikarnir verða haldnir í Hofi á Akureyri laugardaginn 4. febrúar kl. 20 og einnig í Hörpu þann 25. febrúar.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur áður komið fram á sambærilegum tónleikum við mjög góðar undirtektir. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Útsöluaðilar:
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum

Dreifingaraðili: DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**

Raumgestalt bretti
Verð frá 2.980 kr.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | www.kokka.is | kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Arnór, Elmar og Dagný standa að tónleikaröðinni Söngvaskáld Suðurnesja. Fyrstu tónleikarnir verða í Hljómahöll í Reykjanesbæ á morgun, fimmtudag, og fjalla um ævi og tónlist Ingibjargar Þorbergs. MYND/HILMAR BRAGI BÁRÐARSON

SÖNGVASKÁLD OG FRUMKVÖÐULL

Ævi og tónlistarferill **Ingibjargar Þorbergsdóttur** verður viðfangsefni fyrstu tónleikanna í tónleikaröðinni Söngvaskáld Suðurnesja.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Þetta er í annað sinn sem tónleikaröðin Söngvaskáld Suðurnesja fer fram en henni var afar vel tekið í fyrra og uppselt á alla tónleikana. Því var ákveðið að endurtaka leikinn og taka nú fyrir þrjú ný söngvaskáld. „Við á Suðurnesjum eigum afar ríkan tónlistararf og því af nógu að taka," segir Dagný Gísladóttir sem stendur að tónleikunum ásamt Elmari Þór Haukssyni söngvara og píanóleikaranum Arnóri B. Vilbergssyni.

Þrjú söngvaskáld urðu fyrir valinu að þessu sinni: Ingibjörg Þorbergsdóttir, Þorsteinn Eggertsson og Magnús Þór Sigmundsson. Tónleikarnir eru með heimilislegu yfirbragði þar sem stofuhúsgögnum er komið fyrir á sviðinu. Dagný er sögumaður og á milli laga fer hún bæði yfir ævi og feril söngvaskáldsins.

Fyrstu tónleikarnir verða tileinkaðir Ingibjörgu Þorbergsdóttur.

„Ég hitti Ingibjörgu og skráði sögu hennar við undirbúning tónleikanna. Það var yndislegt að tala við hana enda er hún alger töffari sem hefur gert ótrúlega margt yfir ævina, mun meira en ég gerði mér grein fyrir," segir Dagný en Ingibjörg verður níræð á árinu.

„Ingibjörg er mikill frumkvöðull. Hún varð fyrst íslenskra kvenna til að taka upp lag á plötu, fyrst til að taka einleikarapróf á klarínett og var ein fyrsta dægurlagasöngkona Íslands," segir Dagný en á tónleikunum verða flutt þekkt lög í bland við óþekktari gullmola. „Við munum fjalla um hana bæði sem tónskáld og flytjanda. Við flytjum lög eftir hana sjálfa á borð við Aravísur, Hin fyrstu jól, Jólaköttinn, Grýlukvæði að ógleymdu laginu Á morgun sem hún fór með til Bandaríkjanna þar sem hún kom fram í ýmsum sjónvarpsþáttum," segir Dagný en meðal þeirra laga sem Ingibjörg gerði ógleymanleg í flutningi má nefna Guttavísur, Man ég þá stund, Ó, pabbi minn og Litli vin.

Ingibjörg mun sjálf mæta á tónleikana. „Hún er búin að fara í permanent og bíður spennt," segir Dagný glaðlega.

Ingibjörg var fyrsta íslenska konan til að gefa út eigið lag á plötu.

Ingibjörg fór til Bandaríkjanna á sínum tíma og kom fram í ýmsum sjónvarpsþáttum.

> Við flytjum lög eftir hana sjálfa á borð við Aravísur, Hin fyrstu jól, Jólaköttinn og Grýlukvæði.
>
> Dagný Gísladóttir

Nánari upplýsingar um tónleikana og miðasölu má finna á www.hljomaholl.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
SÖLUMENN: Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

ÚTSALA

Full búð af spennandi útsöluvörum fyrir útivistarfólk

AKU CONERO GTX

Einstök þægindi og framúrskarandi gæði hafa skipað AKU meðal fremstu og virtustu skóframleiðanda í heimi.

Efri partur: Nubuck leður 1.8 mm. Fáanlegir í heilum og hálfum númerum
Efri partur vörn: Gummivörn. Lýsing á fóðri: Gore Tex Performance Comfort
Ytri sóli: Vibram Foura. Miðsóli: Dbl. density die cut EVA. Stífleiki: 6 4 mm nylon (Medium stiff) Innlegg: Custom Fit 152 Þyngd: 655 gr.

AKU
CONERO GTX
Framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

Ein bestu kaupin í gönguskóm
SÉRTILBOÐ
19.900
~~34.900~~

OSPREY BAKPOKAR

25-50% afsláttur

Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins
Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur

patagonia

live simple.
live extreme

allt að **40%** afsláttur

icebreaker MERINO

ICEBREAKER ULLARFATNAÐUR

25% afsláttur

100% Merino ull, stingur ekki, lyktar ekki, hlýrri.
Peysur, bolir, húfur, jakkar, sokkar, vettlingar, leggings, nærföt

50% afsláttur

AKU MIA og MIO

Léttir og þægilegir Gore-Tex skór

10.950
~~21.900~~

Vatnsheldir Gore Tex
Rúskinn (mycrosuede)
Air mesh betri öndun
Vatnsheld Gore tex filma
Vibram megagrip sóli
Lúppur að framan og aftan
IMS dempun
Þægilegt innlegg

GG·sport

Opnunartími:
virka daga 10-18,
laugard. 4, feb. 11-16
sunnud. 5. feb. 11-16

Smiðjuvegur 8, **Græn gata,** 200 Kópvogi, sími: 571 1020 www.ggsport.is

„Finndu okkur á Facebook"

Kjúklingur tandoori.

Kjúklingur með tortilla-nasli.

Súrsætur kjúklingur.

KRÖFTUGUR KJÚKLINGUR

Kjúkling er hægt að elda á óteljandi vegu, þar á meðal tandoori, súrsætan eða í tortilla. Flestir eru hrifnir af kröftugum kjúklingaréttum. Hér eru þrjár uppskriftir sem vert er að prófa á köldum febrúardögum.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Fólk fær yfirleitt ekki leið á kjúklingi enda er hægt að bera hann á borð með margvíslegum hætti. Til að spara er hægt að kaupa nokkra frosna, heila kjúklinga, hluta þá niður og gera úr bitunum dásamlega góða rétti. Hér eru nokkrar uppástungur.

KJÚKLINGUR Í TANDOORI

Þetta er réttur sem er kröftugur og góður. Með því að nota kryddið eins og uppskriftin segir fyrir um verður bragðið best. Með smá fyrirhyggju er hægt að gera réttinn ótrúlega góðan en þá þarf kjúklingurinn að liggja í kryddinu í sólarhring.

Fyrir 4

8 kjúklingalæri með legg
Marinering
10 heilir negulnaglar
2 tsk. kóríanderfræ
2 tsk. cumin-fræ
Fræ úr 10 kardimommum
Ristið fræin á þurri pönnu þar til góðan ilm leggur um loftið. Kælið og steytið síðan í mortéli.
2 laukar
4 hvítlauksrif
2 msk. rifinn ferskur engifer
2 tsk. chili-duft (styrkur eftir smekk)
2 tsk. pipar
1½ tsk. túrmerik
3½ dl hrein jógúrt
1 dl sítrónusafi

Setjið lauk, hvítlauk og engifer í matvinnsluvél ásamt chili-dufti, pipar og túrmerik. Hrærið þar til úr verður mauk. Bætið þá jógúrt og sítrónusafa saman við.

Skerið legginn frá lærinu. Skerið smávegis í kjötið svo að blandan komist vel inn í það. Leggið kjúklinginn í marineringuna og breiðið plastfilmu yfir. Best er að láta þetta standa í sólarhring í kæli.

Setjið allt í eldfast form í 200°C heitan ofn. Bakið í 30 mínútur eða þar til kjötið er fullsteikt.

TÓMAT- OG AGÚRKUSALAT

4 tómatar, skornir í litla bita
½ agúrka, skorin mjög smátt
½ laukur, smátt skorinn
2 msk. smátt skorinn ferskur kóríander
Safi úr 1 límónu
½ tsk. sykur
Örlítið salt

Blandið öllu vel saman og berið fram með kjúklingnum ásamt hrísgrjónum, raita-gúrkusósu og mango chutney.

SÚRSÆTUR KJÚKLINGUR

Hér er mjög einfaldur réttur þar sem notuð er tilbúin súrsæt sósa úr búðinni.

Fyrir 2

2 kjúklingabringur, skornar í bita
1 rauðlaukur
1 rauð paprika
½ kúrbítur
Ananas, ferskur eða úr dós
2 tómatar, skornir í bita
2 hvítlauksrif
1 glas súrsæt sósa
Salt og pipar
Þurrkað basil

Hitið ofninn í 200°C. Skerið allt grænmeti í bita og setjið í eldfast form auk ananasbita. Hellið sósunni yfir. Bragðbætið með salti, pipar og basil. Steikið í 20-30 mínútur eða þangað til kjötið er fullsteikt.

Berið fram með soðnum hrísgrjónum.

KJÚKLINGUR MEÐ TORTILLA-NASLI

Mjög góður og einfaldur réttur. Hægt að breyta eftir vild.

Fyrir4

400 g kjúklingahakk eða kjúklingabitar
1 msk. olía
½ laukur, smátt skorinn
1 rauð paprika, smátt skorin
Um 3 dl salsa-sósa
1 poki tortilla-nasl
3 dl rifinn ostur

Steikið kjúklingahakkið eða bitana og laukinn í olíu. Bætið paprikunni við og steikið með. Hellið salsasósunni yfir og látið allt hitna í gegn. Veljið salsa með þeim styrkleika sem hentar best en gott er að hafa sósuna miðlungssterka.

Leggið tortilla-naslið í stóra eldfasta skál. Setjið kjötblönduna yfir. Bætið við salsasósu eftir þörfum og jafnvel smávegis af sýrðum rjóma.

Dreifið ostinum yfir og setjið í 225°C heitan ofn í um það bil 10 mínútur. Berið fram með fersku salati eða sýrðum rjóma og lárperumauki.

sónar® 2017
Reykjavík

Music, Creativity & Technology
www.sonarreykjavik.com

Harpa, Reykjavík
16.17.18 February

fimmtudagur 16. febrúar
ben klock, fm belfast, tommy genesis, glowie, gkr, johan carøe, hatari, pan daijing, vatican shadow, frímann, terrordisco, moff & tarkin, sigrún, aaiieenn, örvar smárason

föstudagur 17. febrúar
moderat, gusgus, sleigh bells, forest swords, samaris, exos & blawan, helena hauff, emmsjé gauti, sin fang, sturla atlas, oddisee, sapphire slows, berndsen, trptych, reynir, hendrik, cyber, hrnnr & smjörvi, øfjord, john grvy

laugardagur 18. febrúar
fatboy slim, de la soul, giggs, nadia rose, aron can, b.traits, bea1991, palmbomen II live, kött grá pje, shades of reykjavik, alvia islandia, marie davidson, áskell, sxsxsx, ayia, plútó, kerr wilson, krbear, dillalude, halldór eldjárn, wesen

Þrír dagar. Fjögur svið. Miðasala á Midi.is
Takmarkað magn dagspassa komnir í sölu

LG G5 Red Bull Music Academy TUBORG LÉTTÖL

LEIKUR STÆRÐFRÆÐING HJÁ NASA

Kvikmyndin Hidden Figures hlaut nýverið SAG-verðlaun fyrir besta leikarahópinn. Aðalleikkona myndarinnar er **Taraji P. Henson** en hún túlkar stærðfræðing hjá geimferðastofnuninni NASA.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Hidden Figures, sem byggð er á raunverulegum atburðum, er gerð eftir samnefndri bók eftir Margot Lee Shetterly. Myndin fjallar um konur af afrískum uppruna sem störfuðu sem stærðfræðingar hjá NASA. Henson leikur Katherine G. Johnson, stærðfræðing sem reiknaði út flugferla fyrir Mercury-verkefnið og fleiri verkefni á vegum NASA. Myndin hefur hlotið fjölda tilnefninga, til dæmis til Óskarsverðlauna og Emmy-verðlauna. Nýverið hlaut síðan allur leikhópurinn SAG-verðlaunin sem besti leikarahópur kvikmyndar en meðal annarra í hópnum má nefna þær Octaviu Spencer og Janelle Monáe.

Taraji P. Henson (46 ára) lærði leiklist við Howard-háskóla eftir að hún hætti við nám í rafmagnsverkfræði. Meðfram námi starfaði hún meðal annars á skrifstofu hjá Pentagon. Henson á einn son, Marcell sem er 22 ára, en barnsfaðir hennar, William Lamar Johnson, var myrtur árið 2003 Hún er ötull talsmaður dýraverndarsamtakanna PETA og kom meðal annars fram nakin í auglýsingaherferð þeirra árið 2011. Í fyrra gaf hún út ævisögu sína, Around the Way Girl.

Fyrsta alvöruhlutverk Henson var í myndinni Baby Boy (2001). Árið 2005 lék hún aðalhlutverkið í Hustle & Flow og 2008 lék hún Queenie í The Curious Case of Benjamin Button en fyrir það hlutverk var hún tilnefnd til Óskarsverðlauna. Síðan hefur hún leikið í hinum ýmsu myndum og sjónvarpsþáttum. Um þessar mundir leikur hún í sjónvarpsþáttunum Empire. Fyrir það hluverk hefur hún hlotið Critics' Choice Television-verðlaun sem besta leikkona í aðalhlutverki í dramaseríu og hefur einnig hlotið Golden Globe og verið tilnefnd til Emmy-verðlauna fyrir frammistöðu sína.

Veggspjald kvikmyndarinnar Hidden Figures

Taraji P. Henson á SAG-verðlaunahátíðinni um helgina en þar hlaut hún verðlaun ásamt öðrum leikurum Hidden Figures.

Á bandarísku tónlistarverðlaunum í nóvember 2016.

HELENA RUBINSTEIN KYNNING

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI MIÐVIKUDAG TIL SUNNUDAGS.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HELENA RUBINSTEIN VÖRUM

NÝTT OG SPENNANDI FRÁ HELENA RUBINSTEIN

- **FORCE C AUGNMASKI OG AUGNKREM** sem þéttir húðina, vinnur á þrota og dökkum baugum, eykur ljóma og styrkir húðina.
- **WONDER BLACKS** maskari sem gefur þéttari og lengri augnhár í einni stroku, einnig þau stystu. Maskarinn örvar einnig hárvöxt með serumi og hárin verða lengri og þéttari eftir 4. vikna notkun.
- **PURE RITUAL** body lotion sem gefur góðan raka og næringu, styrkir og gefur aukinn teygjanleika.

Lyf & heilsa
Kringlunni

Íris er hér á sviði með Rokkkór Íslands.

SÖNGFUGLAR SYNGJA SAMAN

Allir geta fengið útrás fyrir sönggleðina í Austurbæ á laugardagskvöldið þegar Rokkkór Íslands verður með svokallaða „Sing along"-tónleika. Vinsæl lög frá áttunda áratugnum munu hljóma.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Félagar í Rokkkórnum eru orðnir 37 þótt hann sé enn ungur.

Tónleikar þar sem allir syngja saman eru ekki algengir hér á landi. Hinn ungi Rokkkór verður með aðra slíka tónleika á laugardag en færri komust að en vildu síðast, slíkar voru undirtektirnar. Íris Kristinsdóttir söngkona, best þekkt úr hljómsveitinni Buttercup, er í Rokkkór Íslands og meðal þeirra sem syngja einsöng á tónleikunum. Hún hefur verið í kórnum frá því hann var stofnaður í apríl 2015. Núna eru 37 félagar í kórnum og segir Íris að félagsskapurinn sé frábær. „Við hittumst einu sinni í viku og það er alltaf skemmtilegt. Maður fær útrás fyrir söngþörfina," segir Íris sem er löngu hætt öllu hljómsveitarstússi enda móðir sex barna, þar af fjögurra ára tvíbura. „Ég hef ekki orku í að syngja á böllum lengur en kórstarfið er mjög gefandi," bætir hún við.

„Á þessum tónleikum leggjum við áherslu á þekkt lög frá áttunda áratugnum. Allir geta sungið með þar sem textunum verður varpað á skjá fyrir ofan okkur. Fólk þarf ekki að kunna textana. Þetta eru lög eins og Hotel California með Eagles, Stairway to Heaven með Led Zeppelin, Bohemian Rhapsody með Queen ásamt mörgum fleiri frægum lögum. Við vorum með tónleika með þessari tónlist í haust í Hörpu en þar var ekki sungið með."

Íris Kristinsdóttir, best þekkt sem Íris í Buttercup, syngur með Rokkkór Íslands.

TÓKU HRAUSTLEGA UNDIR

Í apríl í fyrra settum við upp „syngjum saman" tónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði með lög frá níunda áratugnum en nú verða lögin frá þeim áttunda. Það var ótrúlegt hvað tónleikagestir tóku vel og hraustlega undir í söngnum. Greinilegt að margir hafa gaman af því að syngja. Fólk hefur komið í bíó og sungið saman, til dæmis á Mamma Mia, en ekki oft á tónleikum," segir Íris.

> Allir tóku vel og hraustlega undir í söngnum.
>
> Íris Kristinsdóttir

Hljómsveitin er skipuð frábærum tónlistarmönnum á borð við Friðrik Karlsson, Davíð Sigurgeirsson, Eið Arnarsson og Pálma Sigurhjartarson svo einhverjir séu nefndir. Stofnandi kórsins, Matthías V. Baldursson, stjórnar fjöldasöngnum.

Rokkkórinn hefur sungið á árshátíðum og hann verður með bakraddasöng á Hlustendaverðlaununum á föstudagskvöldið. „Við erum miklir söngfuglar í þessum kór og finnst skemmtilegt að láta raddir okkar heyrast. Það eru margir frábærir söngvarar í kórnum. Svo er gaman að fá raddir tónleikagesta með okkur," segir Íris og bætir við að þetta verði ótrúlega skemmtilegir tónleikar.

BORÐAÐIR ÞÚ Á ÞIG GAT?

Settu þér markmið og skartaðu þínu fegursta á ströndinni í sumar. Ný námskeið hefjast í janúar – engin binding!

Ásvallalaug · Holtagarðar · Kópavogslaug · Salalaug · Tjarnarvellir · Urðarhvarf

Reebok FITNESS

Brandenburg | sía

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf

GOTT VERÐ 1.490.000.-
HYUNDAI SANTA FE 4X4 DÍSEL. Árg.2006, ek.aðeins 149.þ km, sjálfskiptur, á staðnum. Rnr.128769. S:562-1717.

GOTT VERÐ 2.490.000.-
CITROEN C5 TOURE SEDUCTION. Árg.2013,ek.aðeins 79.þ km, dísel, sjálfskiptur, er á staðnum.Rnr.128668. S:562-1717.

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

VAKA

Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig .

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

Bílar til sölu

Fiesta '08 1.4, 5 dyra. Sk. '07-2018. Ekinn 165þ. Ásett 790þ fæst á 630.000-kr. 100.000-kr gjafbréf í sólina fylgir. Uppl. í s:779-2416

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

Bátar

Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Varahlutir

ÞJÓNUSTA

Píparar

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Bókhald

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

AÐEINS KR.
~~1.990~~
1.890
ÞÚSUND

KAUPAUKI
AÐ VERÐMÆTI KR.
200.000

√ NÝJAR ÁLFELGUR
√ NÝ VETRARDEKK
√ FILMUR Í AFTURGLUGGUM

FRÁBÆR BÍLL
MIKLU BETRI DÍLL

SÍÐUSTU BÍLARNIR Á LÆGRA VERÐI

TOYOTA YARIS
ÁRGERÐ 2016

√ ALLIR BÍLAR YFIRFARNIR OG Í ÁBYRGÐ
√ ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN
√ TIL Í ÝMSUM LITUM
√ HANDFRJÁLS BÚNAÐUR (BLUETOOTH)
√ GÓÐ ENDURSALA
√ TÖKUM BÍLA UPPÍ
√ ALLIR BÍLAR MEÐ USB OG AUX

25 ÞÚS. Á MÁNUÐI*

* Miðað við 20% útborgun
Yaris 1,0 bensín eknir á bilinu 25-29 þúsund km
Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi í mars 2016

Aukahlutir á mynd samlitir speglar og húnar fylgja ekki. Meðfylgjandi álfelgur eru sambærilegar.

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

Hreinsa þakrennur og tek að mér ýmis verkefni. Uppl. í s.8478704 eða manninn@hotmail.com

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Flug

LÆRÐU FLUGVIRKJUN!

Nýr flugvirkjabekkur í haust. Innritun er hafin. Námið kennt hér á landi. Nánari upplýsingar á flugskóli.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu ca mars/apríl, helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 200-300 þús á mán. Fyrirfram eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas hreinverk@hreinverk.is

Par óskar eftir 2-3 herb. íbúð til leigu. Með lítinn stilltan chihuahua hund. Samband í S: 7847787/Emma

Atvinnuhúsnæði

ATVINNUHÚSNÆÐI

Er með til leigu Atvinnuhúsnæði að Smiðshöfða 12 100-125 fm laust strax Góð innkeyrlu hurð Upplýsingar í síma 8935226

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

NONNABITI

Hressa og duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabita, fullt starf/hlutastarf.

Umsóknir sendist á nonnabiti@nonnabiti.is eða S. 699 1095

Elmar

JÁRNABINDINGAR / PRAZY ZELAZA

Járngrímur óskar eftir mönnum. Áhugasamir hafið samband S. 863 6208 & olafurjarn@gmail.com Prazy zelaza

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Atvinna óskast

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Corolla Sol s/d

Nýskráður 10/2006, ekinn 165 þús.km., bensín, sjálfskiptur. **Verð kr. 890.000**

Tilboðsverð kr. 590.000

Insight Hybrid

Nýskráður 12/2010, ekinn 99 þús.km., bensín, sjálfskiptur. **Verð kr. 1.390.000**

Tilboðsverð kr. 990.000

PEUGEOT 5008 Active

Nýskráður 2/2012, ekinn 248 þús.km., dísel, 6 gírar. **Verð kr. 1.390.000**

i10 GL

Nýskráður 5/2012, ekinn 83 þús.km., bensín, 5 gírar. **Verð kr. 1.190.000**

Tilboðsverð kr. 790.000

Laguna

Nýskráður 8/2004, ekinn 156 þús.km., bensín, sjálfskiptur. **Verð kr. 650.000**

Tilboðsverð kr. 350.000

208 Active

Nýskráður 11/2012, ekinn 60 þús.km., bensín, 5 gírar. **Verð kr. 1.890.000**

Tilboðsverð kr. 1.290.000

CR-V Elegance

Nýskráður 8/2013, ekinn 187 þús.km., bensín, sjálfskiptur. **Verð kr. 3.250.000**

Tilboðsverð kr. 2.790.000

Fabia Ambiente

Nýskráður 8/2008, ekinn 105 þús.km., bensín, 5 gírar. **Verð kr. 990.000**

Tilboðsverð kr. 790.000

CR-V ES

Nýskráður 5/1998, ekinn 250 þús.km., bensín, sjálfskiptur. **Verð kr. 590.000**

Tilboðsverð kr. 350.000

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Opið á laugardögum milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

til leigu

Til leigu

Gott atvinnuhúsnæði

Mjög gott 270,7 fm. iðnaðarhúsnæði-/þjónustuhúsnæði á góðum stað við Smiðjuveg í Kópavogi. Húsnæðið er á annari hæð og keyrt upp á hæðina með upphituðum ramp. Stórar innkeyrsludyr beint inn í vinnslusal. **Laust strax!**

Skoðaðu myndirnar á www.bjargbrun.is

Upplýsingar í síma: 893-1777 eða bjargbrun@bjargbrun.is

BJARGBRÚN EHF

www.bjargbrun.is | 893-1777 | bjargbrun@bjargbrun.is

atvinna

BIFVÉLAVIRKI OG STARFSMAÐUR Á VERKSTÆÐI ÓSKAST TIL STARFA

Verksvið:
- Greina bilanir
- Viðgerðir og viðhald á breyttum jeppum
- Viðgerðir og viðhald á vélsleðum
- Ástandskoðanir bíla og vélsleða
- Leggja sitt af mörkum til að tryggja snyrtilegt umhverfi á vinnustöð/verkstæði

Hæfniskröfur:
- Sveinspróf í bifvélavirkjun/vélvirkjun/vélstjórnarréttindi
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Stundvísi
- Snyrtimennska
- Góða samskiptahæfileika
- Góða þjónustulund
- Heiðarleg, áreiðanleg og vönduð vinnubrögð
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt

Við leitum að öflugum starfsmönnum sem geta hafið störf sem fyrst.

Í boði er spennandi og fjölbreytt starf fyrir duglegan og metnaðarfullan einstakling hjá framsæknu og traustu fyrirtæki sem starfar í ævintýraferðamennsku.

Umsóknir og frekari upplýsingar:
atvinna@mountaineers.is
Frekari upplýsingar veitir Bjarný í síma 580 9900 á skrifstofutíma.

www.mountaineers.is

Mountaineers of Iceland
ADVENTURE TOURS

tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.
Elliðaárdalur. Nýr hjólastígur. Reiðstígur aflagður.

Þann 26.janúar 2017 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er varðar nýjan hjólastíg í Elliðaárdal. Hjólastígurinn verður lagður í meginatriðum í legu eldri reiðstígs, sem verður við það lagður af. Um er að ræða legu stígs frá Sprengisandi við Bústaðaveg og austur að stíflu í Elliðaárdal.
Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá adalskipulag.is). Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið skipulag@reykjavik.is fyrir 17. febrúar 2017. Einnig er aðgengi að verkefnislýsingu á reykjavik.is undir skipulag í kynningu. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Fiskislóð 27

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 19. janúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfirisey) vegna lóðarinnar nr. 27 við Fiskislóð. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar úr 0,6 í 1,0. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Guðrúnartún 1

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 19. janúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur vegna lóðarinnar nr. 1 við Guðrúnartún. Í breytingunni felst fjölgun bílastæða. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 1. febrúar 2017 til og með 16. mars 2017. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 16. mars 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 1. febrúar 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

útboð

Útboð

Veitur ohf. óska eftir tilboðum í útboðsverkefnið:

ÞORLÁKSHÖFN
Endurnýjun aðveituæðar 2017:

Verkið felst í endurnýjun á um 7.120 metrum af DN200 ofanjarðarlögn úr stáli sem er einangruð með steinull í álkápu. Aðveituæðin verður endurnýjuð með DN300 stálpípu einangraðri með frauði í ø450 plastkápu. Verktaki skal grafa skurð fyrir nýrri aðveituæð, sanda og fylla yfir nýja aðveituæð, fjarlægja eldri aðveituæð og ganga snyrtilega frá yfirborði.

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu frá og með miðvikudeginum 01.02.2017 á vefsíðu Orkuveitunnar https://www.or.is/fjarmal/ut-bod#page-7016

Útboðsverkefninu er nánar lýst í útboðsgögnum „VEV-2017-06- Þorlákshöfn endurnýjun aðveituæðar 2017 útgefinni af Veitum ohf. í janúar 2017“

Tilboð verða opnuð hjá Veitum ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, þriðjudaginn 21.02.2017 kl. 11:00.

VEV-2017-06 28.01.2017

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
516 6000 • veitur.is

VEITUR

➡ert að tala um fjárfesti, stjórnarmann eða aðra stjórnendur – að hver og einn ákveði hvorum megin veggjar hann ætlar að vera," segir Helga Hlín.

„Maður heyrir vel þegar maður er í hópi fólks hvort það er „inn" að ræða aukinn hlut kvenna og hverjir eru tilbúnir í þá umræðu og hvenær hún er ekki velkomin. Fullt af karlmönnum hafa tekið ákvörðun um að vera virkir í að efla hlut kvenna og þá finnur maður strax hverjir eru búnir að átta sig á að annars vanti ákveðna þekkingu og bakgrunn. Svo eru hinir, bæði karlar og konur, þar sem þessi umræða á ekki upp á pallborðið. Ég velti fyrir mér hvort þetta sé ekki komið á þann stað að hver og einn stjórnandi og fjárfestir þurfi að taka þessa ákvörðun um hvar hann ætlar að vera í þessari umræðu og hvar hann ætlar að láta til sín taka. Hvort hagsmunum rekstrarins, hluthafa, viðskiptavina og samfélagsins alls sé betur borgið með því að þessi ákvörðun sé tekin og verkin látin tala. Það er auðvelt að vera meðvirkur og fljóta með og bíða eftir að hinir taki af skarið."

Spurð um leiðir til að auka hlut kvenna enn frekar bendir Helga Hlín á að opin og skipuleg ráðningarferli séu alltaf til þess fallin að vanda ákvarðanatöku að þessu leyti. Einnig vísar hún til umræðu síðustu ára um tilnefninganefndir sem er getið í íslenskum leiðbeiningum um stjórnarhætti, en þær sjá um að tilnefna fyrir aðalfund frambjóðendur með breiða þekkingu og reynslu til stjórnarsetu. Helga Hlín segir þær hafa átt erfitt uppdráttar en að þar geti falist ákveðin lausn fyrir félög í dreifðri eigu. Þær skapi jafnframt áframhaldandi umræðu og rýni í breidd í stjórnun. Aðrir hafi nefnt til sögunnar hugmyndir um kynjakvóta í framkvæmdastjórnum fyrirtækja sem henni þyki mjög framúrstefnulegar.

Þetta eru vonbrigði og kallar á rýni hjá okkur öllum. Ég held að þetta segi manni það að hlutur kvenna í stjórnun aukist ekki frekar en orðið er af sjálfu sér.

Helga Hlín Hákonardóttir, sérfræðingur í góðum stjórnarháttum

Það er augljóst að eigendur fyrirtækja þurfa að halda vöku sinni í þessum efnum og að sjálfsögðu nýta krafta beggja kynja í auknum mæli.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

„Ég held að svona umræða sé til þess fallin að minna okkur á að þetta er endalaus vinna, langhlaup, og að við þurfum að halda boltanum á lofti. Það er aftur á móti jákvætt að formönnum er að fjölga lítillega því þar hafa konur vægi við stefnumótun og ráðningar framkvæmdastjóra. En þetta er að gerast allt of, allt of hægt. Maður veltir því fyrir sér því nú hefur Ísland verið mjög framarlega í jafnréttismálum, hvort hugsanlega hafi orðið einhver viðspyrna við þróuninni. Að mönnum hafi þótt nóg um hlut kvenna, en í því felst útilokun á helmingi þjóðarinnar í stjórnun sem aldrei getur talist til heilla."

Helga segir tölur Creditinfo sérstaklega athyglisverðar í ljósi þess að á síðustu vikum hafi tvær konur verið ráðnar í mikilvæg störf. Vísar hún þar annars vegar til ráðningar Landsbankans á Lilju Björk Einarsdóttur í starf bankastjóra og hins vegar ákvörðunar Viðskiptaráðs Íslands um að ráða Ástu Sigríði Fjeldsted sem nýjan framkvæmdastjóra ráðsins.

„Þarna fáum við tvær framúrskarandi konur í áberandi og mikilvæg stjórnunarstörf. Konur sem hafa kosið að hasla sér völl og tekist frábærlega upp á erlendum vettvangi. Þær velja þennan tímapunkt að koma heim af því að hér eru tækifæri. Svona ráðningar eru mikilvægar og eiga að vekja okkur af værum blundi um að við þurfum hvert og eitt að taka þessa ákvörðun og vera virkir þátttakendur."

Vill breytingar

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), segir ljóst að hlutdeild kvenna sé enn allt of lítil og að þróunin síðustu ár sé ekki góð.

„Þetta eru ekki nógu uppörvandi tölur. Framsýn og vel rekin fyrirtæki eiga að vita að fjölbreyttar stjórnir eru góðar stjórnir. Mér þætti æskilegt að myndin væri önnur og jafnari. Það er augljóst að eigendur fyrirtækja þurfa að halda vöku sinni í þessum efnum og að sjálfsögðu nýta krafta beggja kynja í auknum mæli. Annað er sóun í mínum huga og betur má ef duga skal," segir Halldór.

Halldór segir aftur á móti að varhugavert sé að byggja spár um þróun næstu ára og áratuga á reynslu síðustu ára. Íslenskt samfélag sé að taka ýmsum breytingum sem eigi án efa eftir að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum.

„Þar er um margbreytilega þætti að ræða. Til dæmis mun menntunarmynstur vafalítið hafa áhrif á næstu árum. Ef þú gefur þér að stjórnandinn í dag hafi verið í háskólanum fyrir 15-20 árum þá verður þróunin á annan veg á næstu árum. Í Háskóla Íslands eru núna 34 prósent karlar og 66 prósent konur. Betra jafnvægi í þessum efnum verður að nást," segir Halldór.

Hlutfall kvenna í stjórnun fyrirtækja af öllum stærðum



Þróunin síðustu þrjú ár samkvæmt Creditinfo

Út frá stærð fyrirtækja eftir eignum

	LÍTIÐ	MEÐAL	STÓRT
Stjórn			
2016	24%	18%	24%
2015	24%	18%	24%
2014	26%	20%	25%
Stjórnarformaður			
2016	26%	17%	13%
2015	25%	16%	12%
2014	25%	17%	13%
Framkvæmdastjóri			
2016	22%	12%	9%
2015	22%	12%	9%
2014	22%	12%	10%



ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

Fannst frábært að heimsækja Hamborg

Svipmynd

Guðríður Svana Bjarnadóttir

Guðríður Svana Bjarnadóttir var nýverið ráðin rekstrarstjóri Marorku. Hún er 38 ára gömul, lögfræðingur að mennt, með bakgrunn í fjármálum og viðskiptum, og lauk framhaldsnámi í alþjóðlegum skattarétti og viðskiptum frá New York University School af Law. Áður var hún yfirlögfræðingur hjá Advania, starfsmaður hjá slitastjórn Kaupþings, ráðgjafi hjá KPMG New York og yfirlögfræðingur hjá skattrannsóknarstjóra.

Hvað kom þér mest á óvart í fyrra? „Það kom mér gríðarlega á óvart að Donald Trump skyldi vera kjörinn í embætti forseta Bandaríkjanna og að Bretar skyldu ákveða að ganga úr Evrópusambandinu. Það kom mér hins vegar ekki síður á óvart að íslenska þjóðin skyldi fá tækifæri til að sjá íslenska landsliðið spila í 8-liða úrslitum á EM í Frakklandi."

Hvaða app notarðu mest? „Mest notaða appið í símanum mínum er líklegast Lunchbox Monkey, sem er mjög vinsælt hjá yngstu kynslóðinni. Fyrir utan hið hefðbundna app fyrir tölvupóstinn nota ég mest Skype for Business og Facebook Messenger. Það app sem ég er samt hvað ánægðust með þessa dagana er nýja Arion banka-appið."

Hvaða land heimsóttir þú síðast og hvers vegna? „Síðasta heimsókn erlendis var til Þýskalands vegna vinnu en Marorka er með skrifstofu í Hamborg. Ég hafði ekki komið til Hamborgar áður, en þar sem ég

Það kom mér gríðarlega á óvart að Donald Trump skyldi vera kjörinn í embætti forseta Bandaríkjanna

Guðríður Svana Bjarnadóttir

Guðríður Svana er 38 ára gömul og tók nýverið við starfi rekstrarstjóra Marorku

dvaldist þar í nokkra daga hafði ég smá tíma til að skoða borgina. Mér fannst Hamborg rosalega heillandi og skemmtileg borg og ég hlakka til að fara þangað aftur."

Hvernig heldur þú þér í formi? „Ég stunda líkamsrækt þrisvar til fjórum sinnum í viku og svo fer ég reglulega í jóga eða pilates. Þar fyrir utan á ég tvo litla drengi sem halda mér á hreyfingu og 30 kg enskan bolabít sem heimtar sinn göngutúr á hverju kvöldi (þótt ótrúlegt megi virðast)."

Ertu í þínu draumastarfi? „Ég er nýbyrjuð að vinna hjá Marorku í mjög spennandi starfi sem býður upp á bæði krefjandi og skemmtileg verkefni. Marorka framleiðir búnað í skip sem miðar að því að hámarka nýtingu orku og aðra frammistöðu skipsins, þannig stuðla vörur félagsins að verndun umhverfisins. Það er ómetanlegt að fá tækifæri til að vinna hjá fyrirtæki með slíkan tilgang."

Sonja ráðin til Coca Cola

Sonja M. Scott hefur verið ráðin mannauðsstjóri hjá Coca-Cola European Partners Ísland ehf. (Coca-Cola á Íslandi) og hóf hún störf í byrjun árs.

Samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins hefur Sonja nýlokið Executive MBA-gráðu frá Stetson University í Bandaríkjum. Þar að auki hefur jún lokið MA í mannauðsstjórnun og BA í ensku frá Háskóla Íslands. Starfaði hún um níu ára skeið hjá Vodafone og þar af síðast sem starfsmannastjóri.

„Það eru gríðarleg tækifæri í samvinnu innan Coca-Cola European Partners samsteypunnar í öllum þáttum fyrirtækisins, ekki síst í mannauðsmálum," segir Sonja. - **hg**

Það eru gríðarleg tækifæri í samvinnu innan Coca-Cola European Partners samsteypunnar í öllum þáttum fyrirtækisins, ekki síst í mannauðsmálum.

Sonja M. Scott er nýr mannauðsstóri



Lið Atlanta Falcons mætir New England Patriots í úrslitaleik NFL-deildarinnar á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fjórfalt meiri tekjur vegna Ofurskálarinnar

NFL-deildin stendur á sunnudag fyrir „árshátíð auglýsenda" eða Super Bowl 51. Fræðslustjóri VÍB segir auglýsingatekjur bandarískra fjölmiðla vegna úrslitaleiksins nema 44 milljörðum króna og slátra þarf 650 milljónum hænsna.

„Ég hef horft á Super Bowl í mörg ár og maður hefur ekki séð teljandi mun á umfangi leiksins en þetta hefur tvöfaldast að stærð frá árinu 2010," segir Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, um nýjan pistil sinn sem birtist á vef Íslandsbanka og fjallar um fjármálahlið 51. Ofurskálarinnar eða Super Bowl.

„Kostnaðurinn við hverja auglýsingu, tónleikarnir í hálfleik og eyðsla almennings í kringum leikina hefur allt stækkað mikið að umfangi síðustu ár," segir Björn Berg.

Auglýsa fyrir 44 milljarða

New England Patriots og Atlanta Falcons mætast í úrslitaleiknum í Houston í Texas á sunnudag. Í pistli Björns er bent á að Ofurskálin er „árshátíð auglýsenda" og að þriðjungur áhorfenda kjósi frekar að fara á klósettið á meðan á leik stendur en í auglýsingahléi. Fjórðungur segir auglýsingarnar mikilvægari hluta viðburðarins en leikinn sjálfan.

„Heildartekjur bandarískra fjöl-

Herlegheitin verða sögð í boði Pepsi, sem greiðir fyrir þau um 800 milljónir.

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB

miðla vegna auglýsinga í tilefni dagsins eru áætlaðar um 44 milljarðar króna, eða um fjórum sinnum meira en allar auglýsingar á Íslandi, í öllum miðlum, á heilu ári. Þannig hefur kostnaður við 30 sekúndna auglýsingu ríflega tvöfaldast frá árinu 2010 og kostar í dag um 600 milljónir króna," skrifar Björn.

„Alvöru veisla"

Í pistlinum er einnig bent á þá staðreynd að tónlistarkonan Lady Gaga, sem tekur nokkur lög í hálfleik, fær ekki greitt fyrir vinnu sína. Það þyki nóg að vera fyrir augunum á 100 milljónum áhorfenda um allan heim enda hafi NFL-deildin reynt að fá tónlistarfólk til að borga fyrir „þennan mikla heiður". Það hafi aftur á móti ekki gengið.

„Þó Gaga fái ekki greitt kosta tónleikarnir sitt, en reiknað er með að heildarkostnaðurinn gæti farið yfir milljarð króna í ár. Herlegheitin verða sögð í boði Pepsi, sem greiðir fyrir þau um 800 milljónir," segir í pistlinum og þar er bent á að eyðsla áhorfenda í leikinn hafi einnig aukist mikið.

„Frá 2010 hafa útgjöld einstaklinga vegna Ofurskálarinnar tæplega tvöfaldast og ekki þarf að koma á óvart að langmestu er eytt í veitingar. Áætlað er að 650 milljónir hænsna þurfi til að skaffa þá vængi sem þarf í maga Bandaríkjamanna meðan á leiknum stendur og þeir skoli þeim niður með yfir milljarði lítra af bjór. Þeir innbyrða fleiri kaloríur en um jólin. Þetta er alvöru veisla." **haraldur@frettabladid.is**

„Hlutdeild líftæknilyfja mun aukast"

Róbert Wessman, forstjóri lyfjafyrirtækisins Alvogen, segist sjá fram á að „hlutdeild líftæknilyfja haldi áfram að aukast og með uppbyggingu Alvotech á Íslandi teljum við okkur vel í stakk búin til að vera leiðandi í því breytingaferli sem samheitalyfjageirinn fer í gegnum um þessar mundir."

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Alvogen í tilefni þess að árlegur fundur fyrirtækisins var haldinn á Möltu í janúar þar sem saman voru komnir 120 alþjóðlegir stjórnendur lyfjafyrirtækisins. Alvogen hóf starfsemi á Möltu 2014 en þar starfa nú um 70 manns á vegum fyrirtækisins.

Róbert segir að árið 2016 hafi verið „viðburðaríkt hjá Alvogen og náð hámarki með markaðssetningu samheitalyfjaútgáfu Tamiflu í desember. Við væntum þess að árið 2017 verði ár vaxtar og áframhaldandi breytinga á mörkuðum

Róbert Wessman, forstjóri Alvogen, á stjórnendafundi félagsins á Möltu í janúar.

fyrirtækisins. Ársfundur með okkar stjórnendum er mikilvægur liður í því að stilla saman strengi og tryggja eftirfylgni við áherslur okkar og markmið fyrir komandi ár."

Systurfyrirtækin Alvogen og Alvotech eru með starfsemi sína á Íslandi í nýjum höfuðstöðvum í Vatnsmýrinni. Þar starfa nú um 180 vísindamenn.

IVECO BUS

SKÓLABÍLAR · ÁHAFNARRÚTUR · FERÐAMANNARÚTUR

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX

IVECO DAILY MINIBUS

Fáanleg með 16–22 farþegasætum.
Algeng útfærsla er fyrir 19 farþega.

Frábærlega útfærð og hönnuð smárúta frá Iveco Bus. Ein öflugasta bifreiðin í flokki rúta með 6.500 kg heildarþyngd státar af sterkum undirvagni, mjúkri og sterkri fjöðrun og einstökum aksturseiginleikum. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Þægindi farþega eru í fyrirrúmi og stórir gluggar auka á það, góð loftræsting og þægileg hljóðvist. Hægt er að panta rútuna með fjölbreyttri sætaskipan og breiðu úrvali aukahluta. Mikið er lagt upp úr öryggi farþega og uppfylla allar smárútur frá Iveco Bus ýtrustu öryggiskröfur og Evrópustaðla svo sem ECE 66*.

IVECO DAILY TOURIST COACH

Fáanleg með 20-31 farþegasæti.
Algeng útfærsla er fyrir 27 farþega.

Afburða vel útfærð smárúta sem tekur allt að 31 farþega og er á einstöku verði. Undirvagninn er Iveco Daily 70C sem leyfir heildarþyngd allt að 7,2 tonnum. Yfirbygging er úr trefjaplasti og stoðgrind úr ryðfríu stáli. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Rúmgóðar farangursgeymslur, björt og rúmgóð yfirbygging og fjölbreytt úrval afþreyingarkerfa einkenna þessa bíla. Mikið er lagt upp úr nýjustu tækni og góðri aðstöðu fyrir ökumann. Daily Tourist Coach er fullbúin eftir ýtrustu öyggiskröfum og uppfyllir alla Evrópustaðla svo sem ECE 66*.

*Öryggispróf og staðall þar sem áhersla er lögð á styrk yfirbyggingar við veltu.

FENIKSBUS®

IVECO BUS

Allar nánari upplýsingar fást hjá sölufulltrúa í síma 575 1200 / 825 5215 / sveinnm@bl.is

IVECO BUS - Kauptúni 1 - Sími 575 1200 - www.bl.is

Skotsilfur

Stokkað upp í stjórninni



Fyrirséð er að stokkað verði upp í átta manna stjórn Arion banka á aðalfundi bankans 9. mars. Kaupþing heldur á 87% hlut í bankanum en stjórnendur þess eru sagðir vilja fá nýtt blóð inn í stjórn Arion í aðdraganda fyrirhugaðs útboðs sem til stendur að halda um miðjan apríl. Skammt er síðan Bandaríkjamaðurinn **John P. Madden,** framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, kom nýr inn í stjórn bankans. Leit að fleiri nýjum stjórnarmönnum stendur yfir – óvíst er hversu margir þeir verða – og er þar horft til þess að fá inn einstaklinga með meiri reynslu af bankarekstri og eins af því að sitja í stjórnum skráðra fjármálafyrirtækja.

Konurnar taka yfir

Greint var frá því á dögunum að **Ásta Sigríður Fjeldsted** hefði verið ráðin framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs en hún er önnur konan til að gegna því starfi í 100 ára sögu ráðsins. Ásta er einnig þriðja konan á suttum tíma sem tekur við starfi framkvæmdastjóra hjá hagsmunasamtökum í atvinnulífinu en skammt er síðan tilkynnt var um ráðningu Katrínar Júlíusdóttur hjá SFF og Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur hjá SFS. Þá hefur Helga Árnadóttir verið framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í ferðaþjónustu frá 2013. Konur eru því núna í meirihluta þeirra sem stýra hagsmunasamtökum í Húsi atvinnlífsins.

Enn fjölgar hjá Fossum

Fossar Markaðir halda áfram að bæta við sig fólki en **Óttar Helgason** hóf þar nýlega störf í teymi erlendra markaða. Óttar kemur frá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans en þar áður var hann ráðgjafi fyrir innlenda og erlenda fjárfesta, bæði á Íslandi og erlendis, og sjóðsstjóri lífeyrissjóða í eignastýringu Landsbankans 2005-2008. Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi Fossa að undanförnu og hefur starfsmannafjöldinn tvöfaldast frá því að félagið var stofnað vorið 2015. Samtals starfa tólf manns í nýjum húsakynnum Fossa við Fríkirkjuveg og þá hefur félagið boðað opnun skrifstofu í London.

Afkoma H&M kom á óvart

Sænska fataverslunarkeðjan H&M kynnti uppgjör sitt fyrir fjórða ársfjórðung 2016 í gær. Afkoma fyrirtækisins var þá umfram væntingar og jókst hagnaðurinn um sjö prósent frá sama tímabili árið á undan. Forsvarsmenn H&M kynntu þá einnig að sala fyrirtækisins í janúar hefði aukist um 11 prósent en líkt og komið hefur fram stendur til að opna þrjár verslanir fyrirtækisins hér á landi síðar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Trump og hlutabréfamarkaðir

Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Nú eru liðnar tvær vikur síðan Donald Trump sór embættiseið sem 45. forseti Bandaríkjanna og sá dagur hefur ekki liðið að það sé ekki eins og maður sé að horfa á beina útsendingu á einhverjum klikkuðum raunveruleikaþætti í sjónvarpinu. Og það er mjög auðvelt að ímynda sér að það sé eitthvað verulega athugavert við skilning Donalds Trump á heiminum, og frá sjónarhóli hagfræðinnar er margt sem veldur áhyggjum – sérstaklega verndarsinnuð og fjandsamleg orðræða Trumps í garð innflytjenda.

Hins vegar hefur „Trump-þátturinn“ ekki enn valdið neinum meiriháttar viðbrögðum á fjármálamörkuðum heimsins. Reyndar hefur óstöðugleiki á fjármálamörkuðum verið í lágmarki og eftirtektarverðast er að hlutabréfamarkaðurinn í Bandaríkjunum hefur komið vel út – sérstaklega frá því að Trump vann forsetakosningarnar snemma í nóvember og þangað til snemma í desember. Síðan þá hafa markaðir verið býsna flatir, en við höfum sannarlega ekki séð neitt óðagot.

Markaðir og upplýsingar

Þetta kann að virðast þversagnakennt þegar litið er á stöðugan straum geðveikislegra Twitter-ummæla frá Trump. Þetta gæti hins vegar sýnt að gagnstætt því sem fyrrverandi utanríkisráðherra Danmerkur, Mogens Lykketoft, sagði eitt sinn þá eru fjármálamarkaðir ekki „hysteriske kællinger“ („móðursjúkar kerlingar“). Reyndar endurspegla fjármálamarkaðir yfirleitt allar fáanlegar opinberar upplýsingar um ástand tiltekins hagkerfis, en ekki bara nýjustu gölnu athugasemdir einhverra stjórnmálamanna.

Yfirleitt segjum við að þrír þættir ákvarði hlutabréfaverð. Í fyrsta lagi ákvarðast verð hlutabréfa af væntingum um allan framtíðarhagnað fyrirtækja. Í öðru lagi ákvarðast hlutabréfaverð af því sem hagfræðingar kalla áhættulausa vexti. Það er að segja hver væri arðsemi annarra fjárfestinga en hlutabréfa – gjarnan ávöxtun ríkisskuldabréfa. Ef ávöxtun skuldabréfa hækkar hættir

> **Þetta gæti sýnt að gagnstætt því sem fyrrverandi utanríkisráðherra Danmerkur, Mogens Lykketoft, sagði eitt sinn þá eru fjármálamarkaðir ekki „móðursjúkar kerlingar“.**

hlutabréfaverði til að lækka. Í þriðja lagi er það áhættuvilji fjárfesta – ef fjárfestar fara að óttast áhættuna hefur hlutabréfaverð tilhneigingu til að lækka. Aðgerðir og stefnumál Trumps geta haft áhrif á alla þessa þrjá þætti og til að skilja hvað er um að vera varðandi hlutabréf er þetta greiningin sem maður þarf að ráðast í frekar en að ályktа: „Maðurinn er snarvitlaus og þess vegna verð ég að selja hlutabréfin mín“ (þótt það sé vissulega freistandi ef maður er svo vitlaus að fylgjast með Trump á Twitter).

Óttast verndarstefnu

Ef við lítum á hagnaðinn ættum við í raun að líta á langtímahagvöxt í bandaríska hagkerfinu og útflutningsmarkaði Bandaríkjanna. Er stefna Trumps líkleg til að auka verga landsframleiðslu í Bandaríkjunum – ekki bara núna heldur einnig löngu eftir að hann hættir sem forseti? Það er mjög erfitt að svara því en það er augljóst að sum stefnumál hans – sérstaklega verndarstefna hans og tillögur gegn innflytjendum – munu hafa neikvæð áhrif á bandarískan (og alþjóðlegan) hagvöxt. En þetta verður að bera saman við sum þeirra stefnumála sem gætu aukið hagvöxt – meðal annars afnám reglna og skattalækkanir. Að öllu samanlögðu óttast ég sjálfur mest verndarstefnu hans og tillögur gegn innflytjendum, en um leið efast ég um að áhrif þessara tillagna muni vara í til dæmis 10 eða 15 ár. Reyndar er alls ekki víst að þessar tillögur komi til framkvæmda (vonandi ekki!).

Ég er sannarlega enginn aðdáandi Donalds Trump og ég er ekki sérlega bjartsýnn á bandaríska hlutabréfamarkaðinn í augnablikinu. En þegar höfuð mitt er að springa af reiði vegna verndarstefnu Trumps og stöðugra árása á innflytjendur lít ég á hlutabréfamarkaðinn og það hjálpar mér að setja hlutina í samhengi. Þegar allt kemur til alls, því ætti ég að vera betur í stakk búinn að spá fyrir um aukinn hagnað bandarískra fyrirtækja næstu 20-30 árin en „viska fjöldans“ hjá fjárfestum á hlutabréfamörkuðum heimsins? Svo við skulum vona að markaðirnir hafi rétt fyrir sér!

Árangursrík vinnustaðarmenning

Nýsköpun
Herdís Pála Pálsdóttir, fyrirlesari og markþjálfi fyrir stjórnendur og félagskona í FKA.

Vinnustaðarmenning er ákveðinn kjarni á hverjum vinnustað. Hún mótast meðal annars af hugmyndum, gildum og viðhorfum starfsfólksins. Vinnustaðarmenningin birtist svo í samskiptum, verklagi, félagsmótun og fleiri þáttum. Menning hvers vinnustaðar hefur mikil áhrif á árangur þeirra. Árangur sem birtist til dæmis í framgangi verkefna, í samskiptum við viðskiptavini og hversu vel þeim gengur að laða að og halda í hæft starfsfólk.

Ef við segjum að heilbrigð vinnustaðarmenning sé þannig að hún hjálpi vinnustöðum við að ná stefnu sinni og markmiðum, hún styðji við árangur hvers og eins starfsmanns, sem fagmanns og einstaklings, fólk langi til að ná árangri í starfi, upplifi að álit þess skipti máli og fái reglulega styðjandi endurgjöf á störf sín, starfsfólk mæli gjarnan með vinnustaðnum við vini og vandamenn og vinnustaðurinn sé jafnvel þekktur út fyrir veggi sína fyrir góða menningu, þá myndi óheilbrigð vinnustaðarmenning væntanlega vera þannig að ekki sé samstaða um að vinna eftir stefnu vinnustaðarins, starfsfólk telji ekki endilega nauðsynlegt að fylgja verkferlum eða fyrirfram ákveðnu verklagi, starfsfólk fái sjaldan og óskýra endurgjöf á störf sín, óvirðing sé í samskiptum á milli starfsmanna, fáum líði vel í starfi og starfsmannavelta gjarnan mikil.

Oft er sagt að það að breyta vinnustaðarmenningu taki mörg ár. Þess vegna gerist það of oft að stjórnendur vinnustaða stýra menningu ekki nægjanlega markvisst, því þeir telja að það taki allt of langan tíma til að hafa einhver áhrif.

Það sem stjórnendur, og reyndar starfsfólk allt, þarf að gera er að ákveða hvernig menningu það vill hafa, og ekki hafa, á sínum vinnustað.

Allir eiga að hafa skoðanir á vinnustaðnum og koma þeim á framfæri á uppbyggjandi hátt. Tala þarf opinskátt um æskilega hegðun hvað varðar vinnulag, samskipti og fleira. Á sama tíma þarf að vera sátt á meðal stjórnenda og starfsfólks alls, að sætta sig ekki við að hafa samstarfsfólk sem ekki styður við heilbrigða og árangursríka vinnustaðarmenningu.

Change the Culture – Change the Game er yfirskrift eins af erindunum á ráðstefnu Only Human, sem haldin verður á Hótel Natura þann 23. febrúar 2017 (sjá www.onlyhuman.is), ekki missa af henni!

CELLULAR

ÆSKU-BRUNNUR

PRÓFAÐU NÝJU NIVEA CELLULAR PERLURNAR

NÝTT

HYALÚRONSÝRA OG KOLLAGEN
STYRKJANDI PERLUR FYRIR
STINNARI, ÞÉTTARI
OG UNGLEGRI HÚÐ

NIVEA.com

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 1. febrúar 2017

visir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

Blönduð einkavæðing

Um áramót stóðu hreinar skuldir ríkissjóðs í rúmum 750 milljörðum króna samkvæmt tölum frá fjármálaráðuneytinu. Heildarskuldastaðan var hins vegar um 1.100 milljarðar króna. Á fyrstu níu mánuðum síðasta árs námu vaxtagreiðslur ríkissjóðs tæpum 200 milljörðum, en mest munaði þar um uppgreiðslu á tilteknum lánum sem féllu á tímabilinu. Reglulegur fjármagnskostnaður er því væntanlega talsvert lægri.

Ísland er lítið skuldsett land í sjálfu sér en hreinar skuldir ríkissjóðs nema rétt ríflega 30% af vergri landsframleiðslu sem telst hóflegt í alþjóðlegu samhengi. Engu að síður er áhugavert að velta því fyrir sér hvernig hagræða mætti í ríkisrekstrinum og mæta þannig æ háværari og sanngjörnum kröfum um aukin framlög til heilbrigðismála og annarra innviða sem þurfa að þola aukinn átroðning með sívaxandi ferðamannastraumi.

Í því samhengi er athyglisvert að þær sömu raddir og krefjast aukinna framlaga til heilbrigðismála og annarrar grunnþjónustu mega alls ekki heyra minnst á sölu ríkiseigna og beita gjarnan fyrir sig skammaryrðinu „einkavæðing“. Það er aftur á móti ekki hið sama að aðhyllast hreina einkavæðingu annars vegar eða skynsamlega aðkomu einkaaðila að ríkisrekstri hins vegar.

Þannig hefur norski olíurisinn Statoil verið skráður á markað að hluta um áratugaskeið. Félagið er 70% í eigu norska ríkisins og afgangurinn í eigu fjárfesta á markaði. Ekki hefur annað heyrst en að þessi blanda hafi reynst vel. Einkafjárfestarnir veita aðhald og koma með sérþekkingu að borðinu, auk þess sem almenningur á greiðan aðgang að félaginu sem fjárfestingarkosti gegnum hlutabréfamarkaðinn. Ríkið veitir svo kjölfestu.

Ríkið á margar seljanlegar eignir. Má þar nefna hluti í bönkunum, Landsvirkjun og Isavia. Einhverjar þessara eigna mætti vafalaust selja að fullu. Aðrar eignir, eins og t.d. Landsvirkjun, mætti selja að hluta eftir norsku leiðinni.

Þannig mætti kannski sætta sjónarmið og finna hinn gullna meðalveg. Greiða skuldir ríkissjóðs niður að allt að því fullu, og nota þann vaxtakostnað sem sparast til að styrkja grunnstoðirnar. Það telst varla mikil hægrimennska að vilja styrkja velferðarkerfið. Eða hvað?

UMHVERFIÐ ÁSTRÍÐA HREINT ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Úr hlutabréfum í rútubransann

Guðjón Ármann Guðjónsson, sem lét nýlega af störfum sem forstöðumaður hlutabréfa hjá Stefni, stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins, mun taka við sem forstjóri Hópbíla, samkvæmt heimildum Markaðarins. Hópbílar er umsvifamikið fyrirtæki í rekstri hópbifreiða en framtakssjóðurinn Horn III, sem er í rekstri Landsbréfa, keypti í árslok 2016 allt hlutafé í félögunum Hagvögnum og Hópbílum. Hagvagnar reka strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu með langtímasamningum við Strætó bs. Annar af seljendum var Gísli J. Friðjónsson sem var jafnframt forstjóri fyrirtækisins. Velta félaganna 2015 nam um 3,2 milljörðum. - hae

28.1.2017

En fyrir eitt má hrósa Viðskiptaráði. Það er hversu hreint og ómengað það setur fram sitt markaðsvæðingar-, græðgis-trúboð. Það að leggja til einkavæðingu sjálfrar Hóladómkirkju gætu einhverjir sjálfsagt kallað kjarkað, aðrir yfirgengilega firrt eða galið.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna.

SAMSUNG

Tilboðs snúningur

Þetta snýst nefnilega... um gæði á góðu verði

WF70 **ÞVOTTAVÉL**
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
Verð áður: 79.900,-
Verð nú: 67.915,-

DV70 **ÞURRKARI**
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
Verð áður: 114.900,-
Verð nú: 97.665,-

Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð

HVAÐ ER ECO BUBBLE?
Leysir upp þvottaduft undir þrýstingi og myndar kvoðu, svo duftið leysist upp á um það bil 15 mín, í stað 30-40 ella.

WW80 **ÞVOTTAVÉL**
8 KG. 1600 SN.
Eco Bubble
Verð áður: 109.900,-
Verð nú: 93.415,-

DV80 **ÞURRKARI**
8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
Verð áður: 134.900,-
Verð nú: 114.665,-

RB29 **KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR**
178 cm / 192+98 ltr.
Verð áður: 94.900,-
Verð nú: 79.900,-

RB31 **KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR**
185 cm / 208+98 ltr.
Verð áður: 119.900,-
Verð nú: 101.915,-

KU6175

Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49” eða 123cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)

40” Kr. 89.900,- / 49” Kr. 99.900,-
55” Kr. 139.000,- / 65” Kr. 219.000,- uppsel!

Uppþvottavél í sérflokki með Waterwall tækni

Til innbyggingar

Burstað stál

Framhlið úr burstuðu stáli / Stillingar ofan á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 5 þvottakerfi / Starttímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hljóðlát aðeins 41db / Stillanleg efrigrind / Grind efst fyrir hnífapör með sérstökum "FLEX" bakka / 2 þvottaarmar + "WATERWALL" / Stærð (h x b x d): 817 x 598 x 575 mm

Verð áður: 179.900,-
Verð nú: 152.715,-

Samsung HW-K661
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
Verð áður 99.900,- Verð nú 84.915,-



Samsung HW-J6510
300w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
Verð áður 99.900,- Verð nú 84.915,-

Samsung HW-J7511-R
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
Verð áður: 149.900,- Verð nú: 127.415,-

Samsung
R-1 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu.
Verð áður: 32.900,-
Verð nú: 27.965.-

Samsung
R-3 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð áður: 44.900,-
Verð nú: 36.465.-

Samsung
R-6 MultiRoom
6 klst hleðslurafhlaða
WiFi eða Bluetooth þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð áður: 64.900,-
Verð nú: 42.415.-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR BYGG	ORMSSON	PENNINN	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI	TÆKNIBORG	OMNIS	BLÓMSTURVELLIR
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK -EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM	BORGARNESI	AKRANESI	HELLISSANDI
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 4712038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333	SÍMI 422 2211	SÍMI 433 0300	SÍMI 436 6655

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

1. FEBRÚAR 2017 MIÐVIKUDAGUR

†

Elskuleg móðir okkar,

Hanna (Jóhanna Katrín) Pálsdóttir

myndlistarmaður og fyrrverandi bankastarfsmaður,

andaðist á Landspítalanum þriðjudaginn 24. janúar. Jarðsungið verður frá Lindakirkju föstudaginn 3. febrúar klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjálparstarf kirkjunnar eða líknarfélög.

Páll Jónsson, Anna Pála Vignisdóttir og fjölskylda.

†

Elskuleg systir okkar, mágkona og fósturmóðir,

Guðlaug Björnsdóttir

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þann 3. febrúar kl. 13.00.

Sigurlaug Björnsdóttir, Björn Pálsson
Sigurður Björnsson, Sieglinde Björnsson
Nanna, Ólöf, Sveinbjörn, Helga og Guðrún Björnsbörn

†

Hörður Kristbjörn Jónsson

Vogatungu 85a, Kópavogi,

lést á Vífilsstöðum 22. janúar.Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát hans.

Anna Margrét Þorsteinsdóttir
Jón Ragnar Harðarson — Aðalheiður Þorsteinsdóttir
Svanlaug Elín Harðardóttir — Theodór Skúli Þórðarson
Jóna Björk Guðmundsdóttir — Jóhannes Sigurbjörnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Móðir mín, systir okkar og frænka,

Anna Samúelsdóttir

frá Siglufirði, síðast til heimilis á Hrafnistu, Boðaþingi,

lést á Landspítalanum 7. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Við sendum starfsfólki Boðaþings kærar þakkir fyrir hlýja og góða umönnun.

Kristjana Magnúsdóttir
Páll B. Samúelsson — Elín Jóhannesdóttir
Sigríður Samúelsdóttir — Gunnar Herbertsson
systkinabörn og fjölskyldur þeirra.

†

Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Helga Hobbs

verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 2. febrúar kl. 13.

Gunnar Kvaran — Guðný Guðmundsdóttir
Helga Hafsteinsdóttir — Alexander Jóhannesson
Guðmundur Hafsteinsson — Anna Benassi
Guðrún Hafsteinsdóttir — Jón Árni Þórisson
Dröfn H. Farestveit — Arthur Farestveit
Guðrún Skúladóttir — Gunndór Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

Átök í íslenskri listasögu

Fyrirlestraröðin Átakalínur í íslenskri myndlist er haldin af Listfræðifélagi Íslands. Í dag mun listfræðingurinn Jón Proppé flytja erindi sitt Blátt strik: átökin um abstraktið.

Þema þessarar fyrirlestraraðar hjá okkur í Listfræðifélaginu eru átök í íslensku listalífi og myndlist. Ég er að taka fyrir nokkuð merkilegt tímabil en það er fimmti áratugurinn – eða frá 1942 til 1952, þegar heilmikið gerðist í íslenskri myndlist. Það komu þarna inn sterkir nýir straumar, bæði með yngra fólki, listamönnum sem fóru í nám eftir seinni heimsstyrjöldina og komu svo heim og svo líka sumir þeirra eldri sem fóru að fást meira við nýstárlega list, jafnvel abstrakt.

